# FRÉTTABLAÐIÐ

137. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 12. JÚNÍ 2018




Ísland er í toppsæti síns riðils í undankeppni HM 2019 í fótbolta eftir 2-0 sigur á Slóveníu í Laugardalnum í gær. Glódís Perla Viggósdóttir skoraði bæði mörkin fyrir íslenska liðið. Stelpurnar okkar spila úrslitaleik um toppsætið gegn Þjóðverjum í Laugardalnum þann 1. september. Aðeins eitt stig skilur liðin að og einungis tvær umferðir eftir. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Grunaður morðingi ber við minnisleysi

**Aðalmeðferð hófst í gær í máli Dags Hoe Sigurjónssonar sem ákærður er fyrir að hafa orðið albönskum manni að bana á Austurvelli í desember. Einnig grunaður um tilraun til þess að drepa annan mann. Neitar sök, en ber jafnframt við minnisleysi eftir höfuðhögg.**

**DÓMSMÁL** Dagur Hoe Sigurjónsson, sem er ákærður fyrir að hafa orðið Albananum Kelvin Sula að bana á Austurvelli í desember, neitaði sök við upphaf aðalmeðferðar málsins í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.

Dagur er ákærður fyrir manndráp með því að hafa veist að Kelvin með hníf og stungið hann ítrekað, meðal annars tvívegis í bakið, vinstri öxl og vinstra megin í bringuna. Síðastnefnda atlagan olli banvænu sári en við hana gekk hnífurinn inn í hjarta Kelvins og lést hann á spítala fimm dögum eftir árásina.

Þá er Dagur ákærður fyrir tilraun til manndráps með því að hafa einnig ráðist að félaga Kelvins, Elio Hasani, og veitt honum skurðsár ofarlega á baki, á vinstri öxl, upphandlegg og á vinstri kálfa sem náði ofan í slagæð og olli slagæðarblæðingu. Elio var útskrifaður af sjúkrahúsi stuttu eftir árásina og eru batahorfur hans góðar.

Dagur var handtekinn í Garðabæ skömmu eftir árásina. Hann var þá í annarlegu ástandi vegna vímuefnaneyslu. Hann er 25 ára gamall og hefur ekki hlotið dóm fyrir refsivert athæfi.

Dagur gaf skýrslu við aðalmeðferð málsins í gær. Hann bar að mennirnir tveir hefðu átt frumkvæði að átökum þeirra á milli, verið ógnandi í sinn garð og meðal annars veitt sér höfuðhögg. Hann bar fyrir sig minnisleysi um það sem gerðist eftir höfuðhöggið. Elio Hasani sem bar einnig vitni í dag sagði þá félaga hafa nálgast Dag í vinsemd og þeir hefðu ekki viljað honum neitt illt. Tvennum sögum fór af því meðal annarra vitna hver átti upptökin en sjónarvottar að atburðinum báru að Dagur hefði haft hníf sem hann beitti gegn mönnunum tveimur.

Auk kröfu ákæruvaldsins um að Dagur verði dæmdur til refsingar, eru gerðar einkaréttarlegar kröfur á hendur Degi.

Miskabótakröfur foreldra Kelvins fyrir sonarmissinn nema samtals 20 milljónum króna og gerir móðir hans einnig kröfu um 870 þúsund krónur vegna útlagðs kostnaðar við andlát sonar síns. Elio Hasani, sem einnig hlaut áverka við árásina, gerir einnig kröfu um að Dagur greiði honum rúmar 2,3 milljónir í skaða- og miskabætur.

Aðalmeðferð verður framhaldið eftir hádegi í dag. **– aá**

**ALBERT GUÐMUNDSSON**

**4 DAGAR í HM**




ICELANDAIR

Safnaðu öllum leikmönnunum


## Fréttablaðið í dag


**FRÉTTIR** Slökkviliðsstjórinn er uggandi yfir nýrri rútumiðstöð. 4

**SKOÐUN** Lilja Alfreðsdóttir skrifar um menntastefnu Íslands til ársins 2030. 8

**SPORT** Hannes Þór Halldórsson markvörður segir aðstæður í Rússlandi vera eins og best verður á kosið. 12

**LÍFIÐ** Athyglin beinist að konum í raftónlist í haust. 20

**PLÚS SÉRBLAÐ ● FÓLK**




*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015










## Veður




Snýst í suðaustanátt með rigningu eða súld í dag, en úrkomulítið eystra. Áfram milt veður. SJÁ SÍÐU 16

# Stjórinn settur af eftir úttekt

**STJÓRNSÝSLA** Vatnajökulsþjóðgarður fór verulega fram úr fjárheimildum til rekstrar án framkvæmdaliða á síðasta ári. Framúrkeyrslan nemur 190 milljónum króna eða 50 prósentum um fram það sem gert var ráð fyrir.

Þetta er niðurstaða óháðrar úttektar á starfsemi þjóðgarðsins sem Capacent vann að beiðni umhverfis- og auðlindaráðherra. Úttektin var gerð í kjölfar fregna um efnið en mikil óeining hafði verið milli stjórnar og framkvæmdastjóra þjóðgarðsins.

Úttektin leiddi einnig í ljós að á fyrstu fjórum mánuðum ársins 2018 hafa umtalsverð frávik verið frá samþykktri rekstraráætlun. Framúrkeyrslan nemur 23 milljónum króna. Stærsti hluti þess er vegna þess að laun urðu hærri en gert var ráð fyrir. Þá munar einnig um leigu á jörðinni Þverá en ekki var gert ráð fyrir leigunni í rekstraráætlun. Leigan nam 17,3 milljónum króna og voru engar ráðstafanir gerðar til að fjármagna samninginn.

Magnús Guðmundsson hefur verið settur tímabundið sem framkvæmdastjóri Vatnajökulsþjóðgarð. Magnús hefur gegnt starfi forstjóra Landmælinga Íslands frá árinu 1999. Ráðherra og Þórður H. Ólafsson, fráfarandi framkvæmdastjóri þjóðgarðsins, komust að samkomulagi um að sá síðarnefndi léti af störfum vegna þessa. **– jóe**

# Hagnaður dróst saman um 32%

**VIÐSKIPTI** Hagnaður Flugleiðahótela eftir skatta dróst saman um 32 prósent á síðasta ári. Hagnaður samstæðunnar, sem heldur utan um Icelandair hótel, Hótel Eddu, Hilton Reykjavík Nordica og Canopy hótel, nam á árinu 2016 rúmlega 361 milljón en í fyrra nam hagnaðurinn tæplega 247 milljónum. EBITDA hagnaður fór úr 1.039 milljónum í 895 milljónir. Icelandair, sem á Flugleiðahótel, hefur sett félagið í söluferli. **– jhh**

# Borgarfulltrúar fengu fræðslu í Ráðhúsinu



Sextán nýir borgarfulltrúar voru kjörnir í borgarstjórn Reykjavíkur í síðustu kosningum. Þeir eru þegar byrjaðir að undirbúa störf sín næstu fjögur árin. Einn liður í því var að mæta í Ráðhús Reykjavíkur í gær þar sem þau voru frædd um starfsemi Ráðhússins og hvernig fundir borgarstjórnar ganga fyrir sig. Reyndari borgarfulltrúar, sem og nýir varaborgarfulltrúar, létu sig ekki vanta á kynningarfundinn. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# ÚNU fær ekki gögn kjararáðs

**STÓRNSÝSLA** Kjararáð telur ekki tilefni til að afhenda úrskurðarnefnd um upplýsingamál (ÚNU) afrit af fundargerðum sínum í trúnaði. Ráðið telur sig ekki falla undir upplýsingalög og þar með ekki undir valdsvið nefndarinnar.

Þetta kemur fram í athugasemdum kjararáðs vegna kæru Fréttablaðsins til ÚNU. Í athugasemdunum er hamrað á því að ráðið sé ekki stjórnvald heldur starfi fyrir alla þrjá arma ríkisvaldsins.

Í kjölfar kæru Fréttablaðsins var ráðinu gefinn kostur á að koma með röksemdir fyrir synjuninni og beðið um að ÚNU yrði veittur aðgangur að gögnunum í trúnaði.

„Kjararáð telur því ekki tilefni til að senda gögnin til [ÚNU] fyrr en fyrir liggur hver niðurstaða nefndarinnar verður um hvort kjararáð falli undir upplýsingalög,“ segir í athugasemdunum. **– jóe**

# Sjúkrasaga þingmanns opin öllum á netinu

**Þingmaður Flokks fólksins segir það stórfurðulegt að heilsufarsupplýsingar hans hafi verið birtar á vef Hæstaréttar undir nafni. Forstjóri Persónuverndar segir það mikilvægt að dómstólarnir gæti að persónuverndarsjónarmiðum.**

**DÓMSTÓLAR** Hægt er að lesa viðkvæmar persónuupplýsingar þingmannsins Guðmundar Inga Kristinssonar í dómi Hæstaréttar sem féll síðastliðinn fimmtudag. Þingmaðurinn krafðist bóta frá Vátryggingafélagi Íslands vegna slyss sem hann lenti í fyrir aldamót.

Persónuvernd úrskurðaði í september síðastliðnum að vinnsla persónuupplýsinga hjá dómstólum samrýmdist ekki lögum um skráningu og meðferð persónuupplýsinga. Var kvartað til Persónuverndar vegna þess að dómur hefði geymt viðkvæmar persónuupplýsingar einstaklings. Dómur Hæstaréttar í máli Guðmundar Inga gegn Vátryggingafélaginu er birtur með ítarlegum upplýsingum um sjúkrasögu hans og nafn hans kemur fram í dómnum.

„Þetta er stórfurðulegt. Það er eins og þeir séu hafnir yfir lögin. Þetta er svo fólkið sem á að dæma eftir lögunum,“ segir Guðmundur Ingi. „Það sem verra er að í dómnum er bæði að finna réttar og rangar upplýsingar um sjúkrasögu mína og því er þetta mjög leiðinlegt. Það virðist vera gjörsamlega orðið vonlaust í þessum málum að menn fari eftir lögum og úrskurðum. Menn verða að fara eftir persónuverndarlögum.“

Helga Þórisdóttir, forstjóri Persónuverndar, hafði ekki séð umræddan dóm þegar Fréttablaðið náði tali af henni. Hins vegar sagði hún alveg ljóst að dómstólarnir þyrftu að fara eftir persónuverndarlögum og gæta þess að viðkvæmar upplýsingar væru ekki rekjanlegar til einstaklinga. „Úrskurðir okkar eru fordæmisgefandi og við höfum úrskurðað áður um vinnslu persónuupplýsinga í dómum sem birtir eru á vef dómstólanna,“ segir Helga. „Það er vissulega mat hverju sinni hvaða upplýsingar eru viðkvæmar og leynt eigi að fara en viðmiðin eru að okkar mati nokkuð skýr hvað þetta varðar.“



Hæstiréttur birti fyrir helgi dóm í máli Guðmundar Inga. Hann er nafngreindur í dómnum en miklar upplýsingar um sjúkrasögu hans er þar að finna.



Guðmundur Ingi Kristinsson.



Helga Þórisdóttir, forstjóri Persónuverndar

Málefni dómstólanna hafa komið upp á yfirborðið nokkuð reglulega upp á síðkastið og vinnsla þeirra á persónuupplýsingum. Ólöf Finnsdóttir, forstjóri Dómstólasýslunnar, segir unnið að samræmdum reglum um birtingu dóma á öllum dómstigum. „Dómstólasýslan er með héraðsdómana og setur reglur um útgáfu og birtingu dóma hjá þeim. Það er verið að skoða að samræma reglur allra dómstiga,“ segir Ólöf.

Hún segir mikilvægt að gæta að persónuvernd við birtingu dóma. „Það hlýtur að vera markmiðið að gæta að persónuverndarsjónarmiðum en það þarf að meta það í hvert skipti.“ **sveinn@frettabladid.is**

Jóhann Ólafsson & Co

Rafvirkjar
LED skápalampar



Jóhann Ólafsson & Co.
Krókháls 3, 110 Reykjavík
533 1900
olafsson.is

LEDVANCE OSRAM

# Alþjóðlegt útboð á hlutabréfum í Arion banka

## Almennu útboði lýkur á morgun kl. 15.00

Kaupskil og fjárfestingafélag í stýringu Attestor Capital LLP hyggjast selja hluti í Arion banka í alþjóðlegu útboði. Markmið útboðsins er að gera Arion banka kleift að uppfylla skilyrði Nasdaq Iceland og Nasdaq Stockholm um dreifingu hlutafjár, að auka við breidd hluthafahópsins og að félagið verði ákjósanlegur fjárfestingarkostur á eftirmarkaði auk þess sem seljendur horfa til þess að selja eign sína á sem hagstæðustu verði.

Grunnstærð útboðsins er að lágmarki 452.500.000 en að hámarki 724.000.000 hlutir (hlutafé eða heimildarskírteini) eða sem nemur 25,0–40,0% af útistandandi hlutafé í bankanum. Seljendur geta tekið ákvörðun um að selja 67.875.000–108.600.000 hluti til viðbótar til að mæta mögulegri umframeftirspurn sem þýðir að heildar söluandvirði yrði að lágmarki 35,4–41,1 milljarðar króna.

Útboðið nær til áður útgefinna hlutabréfa, hvort sem þau eru í formi hlutafjár eða heimildarskírteina, og skiptist í þrennt:

1. Almennt útboð til íslenskra fjárfesta
2. Almennt útboð til sænskra fjárfesta
3. Alþjóðlegt útboð til fagfjárfesta sem uppfylla ákveðin skilyrði samkvæmt lögum

Allir hlutir í útboðinu verða seldir á sama útboðsgengi sem verður á bilinu 68–79 kr. á hlut. Seljendur munu taka einhliða ákvörðun um úthlutun en gert er ráð fyrir að niðurstöður útboðs verði birtar opinberlega 15. júní 2018.

### Helstu skilmálar almenns útboðs á Íslandi

- Hver áskrift að andvirði 150.000–15.000.000 kr.
- Tekið við áskriftum á vef Arion banka frá 31. maí 2018 kl. 12.00 til 13. júní 2018 kl. 15.00
- Fjárfestar hafa heimild til að bæta við áskrift sína eða fella hana niður á útboðstímabilinu
- Aðstoð vegna almenna útboðsins má nálgast hjá verðbréfaráðgjöf Arion banka í síma 444 7000 og á tölvupóstfanginu **arion-utbod@arionbanki.is**.

Útboðið er með fyrirvara um að hlutir í bankanum verði teknir til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland og hlutir í formi heimildarskírteina á Nasdaq Stockholm en báðar kauphallir hafa samþykkt skráninguna með fyrirvara um að kröfum um dreifingu hlutafjár verði náð. Gert er ráð fyrir að kauphallirnar birti opinberlega endanlegt samþykki sitt þann 15. júní 2018. Eindagi kaupverðs í almenna útboðinu er áætlaður 18. júní 2018 og er gert ráð fyrir að skilyrt viðskipti geti hafist 15. júní 2018. Með skilyrtum viðskiptum er átt við viðskipti sem eru háð þeim fyrirvara að hlutirnir (hvort sem þeir eru í formi hluta eða heimildarskírteina) verði teknir til viðskipta.

Minnt er á að fjárfesting í hlutabréfum felur í sér áhættu og að áskrift í útboðinu er bindandi við lok útboðstímabilsins. Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér vel upplýsingar um Arion banka og skilmála útboðsins í lýsingu bankans dagsettri 31. maí 2018 og er sérstaklega bent á kafla um áhættuþætti.

Fjárfestingabankasvið Arion banka ásamt Carnegie, Citigroup og Morgan Stanley hafa umsjón með útboðinu en Deutsche Bank, Goldman Sachs International, Handelsbanken Capital Markets, Íslandsbanki, Landsbankinn og Fossar eru einnig söluaðilar í útboðinu.

### Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar um Arion banka, hlutabréf bankans og skilmála útboðsins má finna í lýsingu bankans sem dagsett er 31. maí 2018 og birt er á **arionbanki.is/IPO**. Þar má nálgast lýsinguna næstu 12 mánuði. Innbundin eintök af lýsingunni má nálgast hjá Arion banka í Borgartúni 19, Reykjavík.

Heildarfjöldi útgefinna hluta í Arion banka er 2.000.000.000 og á bankinn 190.000.000 hluti. Hver hlutur er 1 króna að nafnverði og hafa hlutirnir verið gefnir út í samræmi við íslensk lög. Viðskipti með hlutina verða í íslenskum krónum í kerfum Nasdaq Iceland undir auðkenninu ARION (ISIN: IS0000028157) en viðskipti með heimildarskírteini verða í sænskum krónum í kerfum Nasdaq Stockholm undir auðkenninu ARIONs (ISIN: SE0010413567).

# Erlent ferðaþjónustufyrirtæki þrýsti á breytingar á lagafrumvarpi

**SAMGÖNGUR** Erlendum fyrirtækjum, sem stunda farþegaflutninga í tengslum við ferðaþjónustu, verður gert að hafa sérstakt leyfi líkt og er með íslensk fyrirtæki en þau verða undanþegin skilyrði um fasta starfstöð.

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis lagði fram breytingartillögu þessa efnis við frumvarp um breytingar á lögum um farþegaflutninga og farmflutninga. Tillaga nefndarinnar var gerð vegna umsagnar bandaríska fyrirtækisins Backroads við frumvarpið. Frumvarpið var samþykkt með breytingu nefndarinnar í gær.

Backroads er eitt þeirra erlendu ferðaþjónustufyrirtækja sem komið hafa til umfjöllunar í fjölmiðlum að undanförnu vegna áhalda sem uppi hafa verið um að það hafi tilskilin leyfi, greiði skatta í samræmi við íslensk lög og vegna meintra undirboða á íslenskum vinnumarkaði.

Backroads notar smárútur fyrir gesti félagsins hér á landi og í umsögn fyrirtækisins er því haldið fram að skilyrði íslenskra laga um sérstök leyfi fyrir fólksflutninga í ferðaþjónustu fari í bága við þjónustutilskipun ESB vegna kröfu um fasta starfstöð hér á landi. Í umsögn Backroads er lagt til að lögunum verði breytt þannig að fyrirtæki sem veita tímabundna þjónustu hér á landi á grundvelli EES-samningsins verði undanþegin þessum kröfum.



Vilhjálmur Árnason lagði fram breytingartillögu við frumvarpið.

Í nefndaráliti er bent á að þrátt fyrir heimildir fyrirtækja á EES-svæðinu til að veita tímabundna þjónustu hér á landi, sé það stjórnvalda að meta hverju sinni hvort þjónusta telst vera tímabundin. Nefndin telji eðlilegt að aðilar með viðamikla starfsemi hér á landi sem taka virkan þátt á markaðinum í samkeppni við íslensk fyrirtæki þurfi að uppfylla ákveðin grunnskilyrði óháð því hvort þau eru með staðfestu á Íslandi. Það sé til þess fallið að tryggja öryggi neytenda og tryggja jafna samkeppnisstöðu á markaðinum án þess að útiloka erlenda aðila frá aðkomu að honum. **– aá**

## Meirihlutinn á Akureyri kynnir stefnu sína

**AKUREYRI** Bæjarfulltrúar L-listans, Framsóknarflokksins og Samfylkingarinnar á Akureyri skrifa undir málefnasamning í menningarhúsinu Hofi klukkan ellefu í dag. Þar verður einnig kynnt hvernig skipan í ráð og nefndir á vegum bæjarins verður. Greint hefur verið frá því að Eiríkur Björn Björgvinsson bæjarstjóri hafi ákveðið að láta af störfum bæjarstjóra.



**Eiríkur Björn Björgvinsson, fráfarandi bæjarstjóri.**

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins verður starfið auglýst opinberlega. **– jhh**

## 147 vildu verða íslenskir ríkisborgarar

**ALÞINGI** Allsherjar- og menntamálanefnd leggur til að 69 einstaklingar fái íslenskan ríkisborgararétt. Frumvarp nefndarinnar þessa efnis hefur verið birt á vef Alþingis. Nefndinni bárust 147 umsóknir.

Þeir einstaklingar sem um ræðir koma víða að, meðal annars frá Kósóvó, Póllandi, Írak, Sýrlandi, Líbíu, Íran, Lettlandi, Kasakstan, Palestínu, Afganistan, Gana, Bandaríkjunum, Bosníu-Hersegóvínu, Súdan, Makedóníu, Nýja-Sjálandi, Víetnam, Rússlandi, Líberíu, Kenía, Miðbaugs-Gíneu, Serbíu, Gambíu, Tékklandi, Indónesíu, Túnis, Alsír, Spáni, Kúveit, Sómalíu, Kirgistan, Srí Lanka, Venesúela og Taílandi. **– jhh**

# Á háa c-i yfir rútum í bakgarði

**Íbúar í Eskihlíð eru ósáttir við nýja rútumiðstöð í nágrenninu. Slökkviliðsstjóri hefur áhyggjur af umferð. Ekki hafi verið svarað hvort leyfi þurfi. Framkvæmdastjóri Airport Direct telur svo ekki vera en er óviss.**

**SKIPULAGSMÁL** „Þetta er í hæsta máta óásættanlegur yfirgangur,“ segir Gissur Páll Gissurarson, óperusöngvari og íbúi í Eskihlíð 10. Hann og aðrir íbúar í húsinu eru ósáttir við rekstur rútumiðstöðvar steinsnar frá heimili þeirra og segja Skógarhlíðina vera undirlagða af leigubílum, bílaleigubílum og rútum.

Fyrirtækin Airport Direct og Blue Lagoon Destination hafa nú um nokkurra vikna skeið rekið umferðarmiðstöð fyrir rútur til og frá Keflavíkurflugvelli í Skógarhlíð 10. Þaðan eru farþegar fluttir í minni bílum á hótel í borginni. Aðeins eru um 25 metrar frá planinu yfir Skógarhlíðina og að húshorninu á Eskihlíð 10a.

Að sögn Gissurar hafa íbúarnir sent mörg erindi til ýmissa sviða borgarinnar. Enn hafi engin svör fengist við því hvort rekstur rútumiðstöðvarinnar sé í samræmi við lög og reglur og hvort hún sé leyfisskyld.

„Þetta virðist vera á gráu svæði og rútufyrirtækin eru að nýta sér það. Það sem við þurfum er að borgin hafi skilgreinda stefnu og taki ákvörðun,“ segir Gissur.

Hann kveðst sjálfur hafa skoðað málið. Um sé að ræða atvinnulóð samkvæmt aðalskipulagi en hann geti ekki séð að þar megi reka umferðarmiðstöð án þess að fá fyrir því leyfi. „Ég veit ekki hvort skilgreiningin nær yfir það að það sé allt leyfilegt nema það sem er bókstaflega bannað. En ég held að það virki ekki þannig.“

Slökkviliðsstjórinn á höfuðborgarsvæðinu er líka ósáttur. „Því meiri umferð því erfiðara fyrir okkur og því stærri bílar því stærra vandamál,“ segir Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri. Hann segir málið ekki hafa verið rætt við neinn og ætlar að skrifa borginni bréf vegna þess. „Við höfum aðallega áhyggjur af að við lendum í vandræðum þegar við erum að fara út af Flugvallarveginum inn á Bústaðaveg út af traffík sem skapast með þessum bílum – fyrir utan aðra traffík sem er orðin töluvert mikil.“



**Íbúarnir eru ósáttir við nýju rútumiðstöðina og segja Skógarhlíðina undirlagða af bílum.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> **Svo er flautað og bakkað með tilheyrandi pípi allan helvítis sólarhringinn.**
>
> Gissur Páll Gissurarson, íbúi í Eskihlíð 10

Torfi G. Yngvason, framkvæmdastjóri Airport Direct og eigandi í Blue Lagoon Destination á móti Bláa lóninu, segir einu kvörtunina sem hafi borist honum hafa reynst vera vegna erlends fyrirtækis sem stundað hafi að leggja rútum á sjálfri götunni. Af því tilefni hafi heilbrigðiseftirlitið haft samband. Hann hafi þá spurt heilbrigðiseftirlitið hvort þyrfti einhver sérstök leyfi. „Ég hef bara ekki fengið svar við því almennilega.“

Torfi undirstrikar að Skógarhlíð 10 sé atvinnulóð og hafi verið það frá 1942. Þar hafi Þingvallaleið verið með rekstur. Í húsinu sé gististaðurinn Bus Hostel. „Ég held að það þurfi ekki sérstakt leyfi til að stoppa rútur við gististaði – það væri þá eitthvað nýtt fyrir mér,“ segir hann.

Airport Direct var áður með aðstöðu vestur á Fiskislóð. Torfi segir engin leyfi hafa þurft vegna þess. Eftir að fyrirtækið sigraði í útboði á vegum Isavia um fólksflutninga til og frá Keflavíkurflugvelli hafi verið ákveðið að flytja starfsstöðina. Nú sé Skógarhlíðin „aðalstoppistöð“ fyrirtækisins.

„Vegna framkvæmda í bænum gátum við ekki verið að keyra út á Fiskislóð, það eru endalausar lokanir og tafir,“ segir Torfi.

Fréttablaðið spurði Samgöngustofu í síðustu viku hvort leyfi þurfi fyrir slíkri rútumiðstöð og hvort viðkomandi fyrirtæki hefði slík leyfi. Svar hefur ekki borist. Gissur segir að ef upp úr dúrnum komi að yfirvöld telji rútufyrirtækin í rétti muni íbúarnir bregðast við því. „Þá þurfum við örugglega að leita réttar okkar.“

**gar@frettabladid.is**




NISSAN
Innovation that excites
NISSAN INTELLIGENT MOBILITY
JUKE
TÖFFARINN
Í FJÖLSKYLDUNNI
NISSAN JUKE ACENTA+
FJÓRHJÓLADRIFINN / SJÁLFSKIPTUR
190 HESTÖFL / EYÐSLA 6,5 L/100 KM*
4.190.000 KR.
STAÐALBÚNAÐUR Í NISSAN JUKE ACENTA+ ER MEÐAL ANNARS:
Lykillaust aðgengi, premium áklæði, 18" álfelgur, sólþak, úrvalspakki svartur, íslenskur leiðsögubúnaður, bakkmyndavél, 6 öryggisloftpúðar, ABS með EBD, ESP skriðvörn, ISOFIX barnabílstólafestingar, Bluetooth handfrjáls símabúnaður, útvarp með geislaspilara, AUX og USB tengi fyrir MP3 spilara, 60/40 skipting á aftursætum, samlitir speglar og hurðarhúnar, krómaðir hurðaopnarar, hæðarstilling á bílstjórasæti, hiti í sætum, aðgerðahnappar í stýri, sjálfvirk loftkæling, hraðastillir (Cruise Control), aksturstölva, rafdrifnir útispeglar, rafdrifnar rúður, þokuljós, varadekk, fjarstýrðar samlæsingar, hraðanæmt vökvastýri.
* Viðmiðunartölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.
ENNEMM / SÍA / NM88736
GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400
Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622
Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533
Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070
IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080
BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516
BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is
B|L






Þær eru ekki margar myndirnar sem ljósmyndarar, aðrir en þeir sem eru á bandi einræðisstjórnarinnar, hafa tekið af Kim. Þeim snarfjölgaði í gær. Hér má sjá Kim í fylgd lífvarða og embættismanna. NORDICPHOTOS/AFP

# Kim orðinn sætasta stelpan á ballinu

**Harðstjóri Norður-Kóreu eftirsóttur og hefur nú fundað með forsetum Suður-Kóreu og Bandaríkjanna. Markmið hans að tryggja áframhaldandi stjórn og sagður hafa komið sér upp kjarnorkuvopnum til þess að gefa þau frá sér.**

**SINGAPÚR** Kim Jong-un, einræðisherra Norður-Kóreu, fundaði með Donald Trump Bandaríkjaforseta í nótt. Fundur var ekki hafinn þegar Fréttablaðið fór í prentun en til stóð að ræða sérstaklega kjarnorkuafvopnun á Kóreuskaga.

Mike Pompeo, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, sagði fyrir fundinn að það yrði lykilatriði fyrir Bandaríkin að ná fram „algjörri, sannreynanlegri og óafturkræfri“ kjarnorkuafvopnun. Pompeo sagði jafnframt að viðræðum miðaði vel áfram, líklega myndu ríkin komast að sameiginlegri niðurstöðu fyrr en gert hafði verið ráð fyrir.

Trump ræddi meðal annars við Moon Jae-in, forseta Suður-Kóreu, í aðdraganda fundarins. „Það er ekki hægt að leysa þessar djúpstæðu deilur og kjarnorkumálið á einum leiðtogafundi. Þótt það sé stórt skref að hefja viðræður mun þetta taka tíma. Það gæti tekið ár, tvö ár eða jafnvel enn lengri tíma að leysa þennan hnút,“ sagði Moon eftir samtal sitt við Trump.

Eftir að hafa verið úti í kuldanum allt frá því hann tók við völdum í einræðisríkinu árið 2011 er Kim nú orðinn „sætasta stelpan á ballinu“. Hann hefur nú fundað með leiðtogum Kína, Bandaríkjanna og Suður-Kóreu og þá hafa leiðtogar bæði Sýrlands og Rússlands lýst yfir eindregnum áhuga á því að setjast niður með þessum eftirsótta manni.

Það hefur lengi verið eitt helsta markmið Kim að koma sér á þennan stall. Þessu heldur Ken Gause, leiðandi sérfræðingur í málefnum Norður-Kóreu sem hefur skrifað fjölda bóka um ógnarstjórn Kim-fjölskyldunnar, fram í grein sem birtist í National Interest í maí.

Samkvæmt Gause áttar Kim sig á því að hann þurfi að horfa til framtíðar þar sem hann er einungis um 35 ára gamall. Hann þurfi að tryggja áframhaldandi valdatíð Kim-fjölskyldunnar í Norður-Kóreu og það geti hann einungis gert úr sterkri stöðu.

Eftir að hafa reynt að fara viðræðuleiðina í upphafi valdatíðar sinnar áttaði Kim sig á því að sú leið væri torfær. Samningsstaðan væri ekki nógu sterk. „Kim Jong-un komst líklegast að þeirri niðurstöðu að eina leiðin til að tryggja velgengni í viðræðum væri að koma sér upp kjarnorkuvopnum til þess að hægt væri að gefa þau síðar upp á bátinn. Norður-Kórea þyrfti að koma að viðræðuborðinu í sterkri stöðu,“ sagði í grein Gause.

Ár og dagar liðu og eldflauga- og kjarnorkutilraunir voru gerðar með reglulegu millibili. Í nóvember 2017 tilkynnti Kim svo að Norður-Kórea hefði komið sér upp raunverulegu kjarnorkuvopnabúri. Svo ákvað Kim, að sögn Gause, að byrja að trappa sig niður og hófst sú vinna með nýársávarpi í upphafi þessa árs þar sem kvað við nýjan tón. Í kjölfarið fylgdu viðræður við Moon og nú Trump sem þrýstu Kim fram í sviðsljósið.

Guardian greindi svo frá því í gær að Bandaríkjamenn væru reiðubúnir til þess að tryggja áframhaldandi harðstjórn Kim-ættarinnar. „Við erum tilbúin til að gefa nauðsynleg loforð um öryggi Norður-Kóreu til að hægt sé að ná fram kjarnorkuafvopnun,“ sagði Mike Pompeo án þess að tjá sig nánar um þau loforð.

thorgnyr@frettabladid.is

## Mannréttindamálin ekki í forgangi

Það er ekki að ástæðulausu að Kim hefur verið úti í kuldanum og ekki er hægt að skella skuldinni á kjarnorkuvopnin ein. Mannréttindamál í Norður-Kóreu eru í ólestri, eru raunar óvíða verri. Kim hefur látið svelta, myrða og pynta fólk í hundraða þúsunda tali. Þrátt fyrir það hefur málaflokkurinn hvorki verið ræddur í viðræðunum í Singapúr né Panmunjom.

Ríkisstjórnin hefur öll völd í norðurkóresku samfélagi. Undanfarin ár hefur fjármagnið allt streymt í kjarnorkuáætlunina og hafa almennir borgarar þurft að svelta á meðan.

Samkvæmt Blaðamönnum án landamæra er fjölmiðlafrelsi hvergi minna. Allar fréttir koma frá ríkinu og er leiðtoginn hylltur við hvert tækifæri. Ekki er hægt að hringja til útlanda nema með smygluðum símum, almennir borgarar hafa ekki aðgang að veraldarvefnum.

Þá er trúfrelsi svo gott sem ekkert í Norður-Kóreu, þótt það sé stjórnarskrárvarinn réttur íbúa. „Öllum er kennt að tilbiðja Kim-fjölskylduna,“ sagði Arnold Fang, rannsakandi hjá Amnesty International, við BBC fyrir helgi.

Brjóti maður gegn ríkinu, hvort sem maður horfir á suðurkóreska bíómynd eða reynir að flýja land, fer maður annaðhvort í fangelsi eða er tekinn af lífi. Raunar þarf maður ekki að hafa brotið af sér til að vera sendur í fangelsi. Norður-Kóreustjórn refsar heilli fjölskyldu ef einn brýtur af sér.

Stærðarinnar fangabúðir er að finna í Norður-Kóreu og eru fangar látnir vinna erfiðisvinnu allan daginn alla daga. Samkvæmt Amnesty búa fangar við pyntingar, barsmíðar og nauðganir.

> **Kim Jong-un komst líklegast að þeirri niðurstöðu að eina leiðin til að tryggja velgengni í viðræðum væri að koma sér upp kjarnorkuvopnum til þess að það væri hægt að gefa þau síðar upp á bátinn.**
>
> Úr grein Kens Gause, sérfræðings í málefnum Norður-Kóreu

# *Meira* svona *alla daga*






**Sósur sem gera góðan borgara betri**

**349** kr/stk

ÍSLANDS NAUT

## Smash Style hamborgarar

| 2 x 100 g | 2 x 120 g | 2 x 140 g |
|---|---|---|
| **479** kr/pk | **559** kr/pk | **639** kr/pk |
| Verð áður 599 | Verð áður 699 | Verð áður 799 |




**Rufus Teague Rub**

**799** kr/stk

Tilboð gilda út 17. júní




**Stokes Burger Relish**

Fyrir sælkera borgara

**599** kr/stk



**Snowdonia Black Bomber**

Frábær Cheddar ostur með borgaranum

**639** kr/stk




**Rufus Teague BBQ sósur**

Gerir góðan grillmat betri

verð frá **799** kr/stk



**Brioche hamborgarabrauð**

Bökuð samkvæmt aldargamalli franskri hefð

**189** kr/pk



**SS Eðalbeikon**

Góður borgari þarf eðalbeikon

**379** kr/pk




**Aviko franskar**

Steikar franskar og sætar

verð frá **394** kr/pk

24

**Opið allan sólarhringinn**
**Garðabæ og Skeifunni**

HAGKAUP *Meira* svona *alla daga*

## Einræðisherra í ímyndarherferð



Kjartan Hreinn Njálsson
kjartanh@frettabladid.is

Fréttastofur vítt og breitt um heiminn munu í dag birta sögulegar myndir af leiðtogafundi Donalds Trump Bandaríkjaforseta og Kim Jong-un, einræðisherra í Norður-Kóreu.

Niðurstaða fundarins mun hafa mikið að segja um framtíðaröryggi heimsbyggðarinnar. Þegar þjóðarleiðtogar, sem byggja þjóðaröryggisstefnu sína að hluta til eða alfarið á fælingarmætti kjarnorkustríðs, mæta til viðræðna á jafnræðisgrundvelli getur það vart haft annað en jákvæðar afleiðingar.

Á þessum sögulegu fréttamyndum í dag sjáum við tvo leiðtoga takast í hendur og brosa. Annar er nýkominn frá fundi G7 ríkjanna í Kanada, þar sem hann efldi tilraunir sínar til að útrýma því bandalagi sem hefur á síðustu áratugum stuðlað að einhverjum mestu framförum í mannkynssögunni.

Hinn er Suryong Norður-Kóreumanna, einræðisherra Lýðræðislega alþýðulýðveldisins Kóreu. Hann er æðsti leiðtogi ríkis sem knúið er áfram af altækri innrætingarvél, sem hefur það eina markmið að neyða þegna sína til hlýðni og undirgefni ásamt því að efla persónudýrkun á leiðtoganum mikla.

Í allri umræðu um Norður-Kóreu er mikilvægt að halda til haga þeim hrottalegu ofbeldisverkum sem stjórnvöld þar fremja á þegnum sínum.

Norðurkóreska ríkið hefur steypt þegnum sínum í hungursneyð og um leið barið á þeim með hugmyndafræðilegri innrætingu, árið tvö þúsund og fjórtán voru rúmlega hundrað þúsund Norður-Kóreumenn í haldi í útrýmingarbúðum vegna skoðana sinna, fangar eru ítrekað barðir til óbóta, nauðgað og drepnir. Dæmi eru um að konur af „óæðri“ stéttum séu látnar gangast undir þvingaðar fóstureyðingar.

Þessi voðaverk eru ekki aðeins dæmi um tilfallandi villimennsku norðurkóreska ríkisins, heldur eru þessir daglegu glæpir gegn mannlegri reisn grundvallarforsenda norðurkóreska stjórnmálakerfisins. Þetta kerfi byggir á því að stjórna hverju einasta atriði í lífi þegnanna með stöðugu eftirliti, innrætingu, ofbeldi, eða ótta við ofbeldi.

Kim Jong-un hefur á síðustu misserum staðið í afar vel heppnaðri ímyndarherferð. Leiðtogafundurinn með Trump er liður í þessari áætlun og hann færir Kim Jong-un nær markmiði sínu að tryggja Norður-Kóreu stöðu á hinum alþjóðlega vettvangi.

Okkur ber siðferðileg skylda til að krefja þennan nýja þátttakanda á sviði alþjóða stjórnmála um viðurkenningu á brotum sínum, frelsun þeirra sem hann hefur fangelsað, og ófrávíkjanlegt loforð um að þeim 25 milljónum manna sem þjást undir honum verði tryggð sjálfsögð mannréttindi.

**Í allri umræðu um Norður-Kóreu er mikilvægt að halda til haga þeim hrottalegu ofbeldisverkum sem stjórnvöld þar fremja á þegnum sínum.**




### Halldór




## Frá degi til dags

**Nýju fötin**

**Þingmaðurinn Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Miðflokksins, beindi í gær fyrirspurn til forseta þingsins um notkun á þinghúsinu. Tilefni hennar er gjörningurinn Demoncrazy, sem sýndur var á Listahátíð, en sá sýnir fáklæddar konur ögra jakkafataklæddu valdinu. Berbrjósta konurnar virðast eitthvað hafa farið fyrir brjóstið á Sigmundi og spyr hann hver leyfði þessa notkun og hvort þess sé að vænta að afsláttur verði gefinn á klæðaburði þingmanna vegna þessa. Ætli Sigmundur stefni að því að mæta í nýju fötunum keisarans í næstu þingsetningu?**

**Óhaggað met?**

**Þetta var ekki eina skriflega fyrirspurn Sigmundar en hann spurði einnig um fjölda aðstoðarmanna ráðherra í ríkisstjórninni sem og sérfræðinga sem ríkisstjórnin hefur ráðið til sín. Þar er einnig spurt á hvaða kjörum viðkomandi voru ráðnir. Bitlingar í formi aðstoðarmennsku til fyrrverandi og verðandi flokksgæðinga hafa reglulega verið ræddir og sitt sýnist hverjum um ágæti þeirra. Mögulega hefur þingmaðurinn áhyggjur af meðferð ríkisfjármuna en það er einnig mögulegt að hann vilji vita hvort Íslandsmet stjórnar hans í fjölda aðstoðarmanna án atrennu standi óhaggað. joli@frettabladid.is**

## Menntastefna Íslands til ársins 2030



Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra

Menntakerfi gegna lykilhlutverki í samkeppnishæfni þjóða. Ísland er þar engin undantekning. Ég legg mikla áherslu á að menntakerfið okkar sé sem best í stakk búið til takast á við áskoranir framtíðar. Í því ljósi hef ég hrint af stað undirbúningsvinnu við gerð menntastefnu Íslands til ársins 2030.

Til að bæta lífskjör enn frekar og auka útflutningstekjur landsins þarf að huga sérstaklega að verðmætasköpun byggðri á hugviti og verkþekkingu. Því er nauðsynlegt að efla menntakerfið.

Menntakerfið þarf að skapa sterkan þekkingargrunn, vera sveigjanlegt og geta aðlagað sig tækniþróun á hverjum tíma. Að auki þarf það að veita menntun fyrir alla og þar með mæta mismunandi þörfum einstaklingsins. Skilgreind námsmarkmið þurfa að fylgja hverju hæfniþrepi menntunar og mælikvarðar til þess að meta árangurinn. Við viljum að íslenskt menntakerfi verði í fremstu röð þeirra landa sem við berum okkur saman við.

Nú þegar eru ýmis verkefni í gangi í mennta- og menningarmálaráðuneytinu sem tengjast þessari stefnumörkun. Unnið er að því að bæta umgjörð kennarastarfsins og auka nýliðun kennara. Einnig er verið að efla verk-, iðn- og starfsnám ásamt því að styrkja fullorðinsfræðslu. Verið er að styrkja umgjörð barna með annað móðurmál en íslensku. Fyrirhuguð er skýrari stefnumótun fyrir útgáfu námsgagna og endurskoðun námsmats.

Það sem af er kjörtímabili hafa þegar verið stigin mikilvæg skref til þess að efla menntakerfið. Til að mynda hafa fjárframlög verið aukin verulega til bæði framhaldsskóla- og háskólastigsins, framfærslugrunnur námslána var hækkaður og vinna nýrrar verkefnastjórnar um endurskoðun á námslánakerfinu hefur gengið vel. Við ætlum að halda áfram á sömu braut.

Gerð nýrrar menntastefnu fyrir Ísland til ársins 2030 verður heildstæð nálgun á eflingu menntakerfisins og mótuð í samvinnu við lykilaðila. Ég er sannfærð um að sú vinna muni skila sér í öflugra samfélagi og betri lífskjörum fyrir þjóðina.

**Gerð nýrrar menntastefnu fyrir Ísland til ársins 2030 verður heildstæð nálgun á eflingu menntakerfisins.**

Lilja Alfreðsdóttir
FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson FORSTJÓRI: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir ÚTGEFANDI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
RITSTJÓRAR: Kjartan Hreinn Njálssson kjartanh@frettabladid.is, Ólöf Skaftadóttir olof@frettabladid.is, MARKAÐURINN: Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is FRÉTTABLAÐIÐ.IS: Sunna Karen Sigurþórsdóttir sunnak@frettabladid.is.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5800, ritstjorn@frettabladid.is HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir kristjanabjorg@frettabladid.is
MENNING: Kolbrún Bergþórsdóttir kolbrunb@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Anton Brink anton@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is

# Orkupakkinn er óhagræði fyrir Ísland



**Elías Elíasson**
sérfræðingur í orkumálum

Michael Mann, sendiherra ESB á Íslandi, skrifar grein um 3. orkupakka ESB í Fréttablaðinu 7/6-'18. Þökk sé honum fyrir að gefa kost á málefnalegum umræðum um þau atriði sem hann nefnir, en því miður virðist hann ekki hafa fengið fullnægjandi upplýsingar frá stjórnvöldum um suma hluti. Þannig hafa fyrri orkupakkarnir tveir leitt af sér óþarfa uppskiptingar hjá orkufyrirtækjunum og þær undanþágur sem Ísland hefur fengið sýna að hugmyndafræði þessara orkupakka gengur ekki upp hér á Íslandi.

**Frjálsi orkumarkaðurinn**

Auk þess að vera agnar smár í samanburðinum skortir íslenska orkumarkaðinn það umhverfi sem tryggir framleiðendum raforku á meginlandi Evrópu jafnstöðu (En: „level playing field"). Þetta er vegna þess, að náttúra Íslands leikur eitt stærsta hlutverkið á markaðnum hér og hún blæs á samkeppni. Náttúran tryggir ekki að jarðvarmi og vatnsorka séu á innbyrðis samkeppnishæfu verði eins og alþjóðlegir eldsneytismarkaðir gera með kol og gas. Náttúran tryggir heldur ekki, að hinir mismunandi virkjunarkostir sem hún býður upp á séu á samkeppnisfæru verði hver við annan eða markaðinn á sambærilegan hátt og fæst með samspili heimsmarkaða með vélar og rafbúnað við raforkumarkaði. Til að ráða bót á þeim hnökrum sem af þessu verða á íslenskum orkumarkaði þarf samráð, ekki samkeppni. Þetta eiga íslensk stjórnvöld að vera fær um að skýra út fyrir sendiherranum.

**Verður Orkustofnun íslensk eða erlend eftirlitsstofnun?**

Orkustofnun, hin íslenska eftirlitsstofnun, skal hafa vissar valdheimildir, en má hvorki leita eftir né taka við fyrirmælum frá íslenskum stjórnvöldum um nokkuð það er varðar beitingu þessa valds. Hins vegar ber henni að fylgja lögum og stefnumörkun ESB, samræma reglugerðir sínar öðrum evrópskum eftirlitsstofnunum og hafa samráð við ACER, án þess þó að hafa atkvæðisrétt í þeim samtökum eftirlitsstofnana sem ACER heldur utan um. Mörgum þykir með þessu fyrirkomulagi bæði orðið vafamál að hægt sé að telja þessa Orkustofnun til íslenskra stjórnvalda og nefnd útilokun frá atkvæðisrétti geri útslagið um að þetta fyrirkomulag samræmist ekki stjórnarskránni. Í öllu falli sé þetta svo stórt skref til viðbótar fyrri skrefum til afsals sjálfsákvörðunarréttar, að stjórnarskránni sé þar með ofboðið. Eins og skyldur Orkustofnunar eru markaðar á framangreindan hátt gæti svo farið, að stofnunin fari í raun að gæta samkeppnishagsmuna iðnaðar á meginlandi Evrópu gagnvart íslenskum iðnaði og verði þannig óvart að eins konar Trójuhesti í hinu íslenska stjórnkerfi.

> **Við skulum í þessu samhengi hætta að ræða um undanþágur frá lögum ESB og ræða um hvað Íslendingar telja í sína þágu og treysta sér til að samþykkja. Evrópusambandið hefur hvort sem er engan hag af því að Íslendingar samþykki lög á þessu sviði, sem gera ekki annað en hemja okkur í sókn eftir hagkvæmara raforkukerfi.**

**Vaxandi óþol gagnvart ESB**

Michael Mann segir í grein sinni: „Þriðji orkupakkinn svokallaði, sem Íslendingum er skylt að innleiða samkvæmt EES samningnum ..." Svona má fulltrúi ESB ekki ávarpa Íslendinga. Í fyrsta lagi vegna þess, að hinir stjórnskipulegu fyrirvarar í EES-samningnum eru þar ekki bara upp á punt, enda væri EES-samningurinn þá stjórnarskrárbrot. Í öðru lagi vegna þess, að íslenskur almenningur hefur orðið vaxandi óþol gagnvart því hugarfari sem lesa má út úr þessu ávarpi og kemur fram hjá ESB þegar þeir setja reglur sem ekki henta hér og við skulum bara hlýða og innleiða. Orkupakkarnir eru dæmi um slíkar reglur.

**Orkupakkann má fella á Íslandi ESB að skaðlausu**

Michael Mann hefur rétt fyrir sér í því, að þriðji orkupakkinn, sem og hinir fyrri innihalda ýmis ákvæði sem eru af hinu góða. Það breytir þó ekki því, að sú hugmyndafræði sem löggjöf og regluverk innri raforkumarkaðar Evrópu byggir á passar ekki við íslenskar aðstæður, getur ekki leitt til lækkunar á almennu orkuverði á Íslandi og er andstæð íslenskum hagsmunum. Við skulum í þessu samhengi hætta að ræða um undanþágur frá lögum ESB og ræða um hvað Íslendingar telja í sína þágu og treysta sér til að samþykkja. Evrópusambandið hefur hvort sem er engan hag af því að Íslendingar samþykki lög á þessu sviði, sem gera ekki annað en hemja okkur í sókn eftir hagkvæmara raforkukerfi. Slík aðkoma ESB mundi bæta mjög ímynd sambandsins í augum almennings. Svo skulum við ræða hverju Brexit breytir eftir Brexit.

# Efndir og árangur um forvarnir gegn krabbameinum



**Halla Þorvaldsdóttir**
framkvæmdastjóri Krabbameinsfélags Íslands

Krabbamein varðar okkur öll. Þriðjungur Íslendinga greinist með krabbamein einhvern tíma á lífsleiðinni og nýleg könnun Krabbameinsfélags Íslands sýnir að 80% þjóðarinnar eiga nákominn ættingja eða vin sem greinst hefur með krabbamein.

Krabbameinsfélagið er málsvari þeirra sem greinast með krabbamein og stendur vaktina í þágu þeirra. Í aðdraganda nýafstaðinna sveitarstjórnarkosninga sendu mörg aðildarfélög félagsins áskorun á framboð í sínum sveitarfélögum um að vinna að því að skapa nærsamfélag þar sem áhersla er lögð á lýðheilsumál og þætti sem geta orðið til þess að fyrirbyggja krabbamein. Svör bárust frá 36 framboðum í 10 sveitarfélögum.

Rannsóknir sýna að hægt er að koma í veg fyrir fjölda krabbameina, fyrst og fremst með heilbrigðum lífsháttum. Forvarnir eru því einn mikilvægasti þátturinn í því að sporna gegn sjúkdómum á borð við krabbamein og þar bera stjórnvöld ábyrgð. Krabbameinsfélagið þrýstir reglulega á yfirvöld og minnir á þessa ábyrgð. Almenningur getur einnig þrýst á stjórnvöld með því að skrifa undir áskorun félagsins til stjórnvalda.

Til að árangur náist þarf samvinnu margra. Sem dæmi um góða samvinnu er hversu vel hefur tekist að draga úr reykingum hérlendis, árangur sem vakið hefur athygli á heimsvísu. En betur má ef duga skal. Krabbameinsfélag Íslands vill vinna að því að auka þekkingu almennings og ráðamanna enn frekar um hvað hægt er að gera til að draga úr líkum á því að fá krabbamein.

Um leið og við þökkum þeim framboðum sem tóku áskoruninni hlökkum við til að fylgjast með efndum og árangri. Félagið hlakkar einnig til frekara samstarfs um fyrirbyggjandi aðgerðir í framtíðinni.

> **Um leið og við þökkum þeim framboðum sem tóku áskoruninni hlökkum við til að fylgjast með efndum og árangri.**

Upplýsingar um svör frá framboðunum má sjá á heimasíðu Krabbameinsfélags Íslands krabb.is og þar er einnig hægt að skrifa undir áskorun til stjórnvalda.



ÖRUGG ENDURNÝJANLEG ORKA FYRIR ÞIG

**KYNNING Á DRÖGUM AÐ KERFISÁÆTLUN 2018-2027 OG UMHVERFISSKÝRSLU**

Fyrir liggur tillaga að kerfisáætlun 2018-2027 um uppbyggingu flutningskerfis raforku á Íslandi. Landsnet kynnir nú tillögu að kerfisáætlun í samræmi við raforkulög nr. 65/2003 m.s.br. og umhverfisskýrslu í samræmi við lög nr. 105/2006. Kerfisáætlun fjallar m.a. um grunnforsendur fyrir áætlun, niðurstöður valkostagreininga, áætlun um uppbyggingu meginflutningskerfisins til næstu 10 ára og lýsingar á framkvæmdaverkum á tímabilinu 2019-2021.

Umhverfisskýrslan gerir grein fyrir forsendum, nálgun og niðurstöðu matsvinnu, ásamt þeim mótvægisaðgerðum sem lagðar eru til. Tillaga að kerfisáætlun og umhverfisskýrsla eru aðgengilegar á vefsíðu Landsnets, **www.landsnet.is** og hjá Skipulagsstofnun í Borgartúni 7b.

Ábendingar og athugasemdir við kerfisáætlun og um umhverfisskýrsluna skal senda til Landsnets á netfangið landsnet@landsnet.is eða á heimilisfangið Gylfaflöt 9, 112 Reykjavík, merkt *Athugasemdir við kerfisáætlun 2018-2027*. **Frestur til að gera athugasemdir eða koma með ábendingar við tillögurnar er til og með 15. júlí 2018.**

Það er von Landsnets að flestir kynni sér efni kerfisáætlunar og umhverfisskýrslu.

***Landsnet stendur fyrir opnum kynningarfundum á:***

**Egilsstöðum 12. júní** á Icelandair Hótel Héraði, kl. 15:00-17:00
**Akureyri 13. júní** á Hótel KEA, kl. 15:00-17:00
**Ísafirði 19. júní** á Hótel Ísafirði, kl. 14:00-16:00
**Hellu 26. júní** á Stracta Hotel, kl. 15:00-17:00

Verið velkomin

LANDSNET

Landsnet | Gylfaflöt 9 | 112 Reykjavík | Sími 563 9300 | landsnet@landsnet.is | www.landsnet.is

ÚRVAL ÚTSÝN

# ÁVALLT SÓL SKÍN

## MEÐ ÚRVAL ÚTSÝN

ÍSLENSK FARARSTJÓRN — SKOÐUNARFERÐIR Í BOÐI

**ALMERÍA** 28. JÚNÍ – 5. JÚLÍ
★★★ **PIERRE VACANCES**
VERÐ FRÁ **60.900 KR.**
Verð á mann m.v 2 fullorðna og 4 börn í íbúð með 2 svefnherbergjum. Verð frá 86.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

**MALLORCA** 17.–24. JÚNÍ
★★ **HOLIDAY PARK**
VERÐ FRÁ **68.900 KR.**
Verð á mann m.v 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með 1 svefnherbergi. Verð frá 90.700 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

**KANARÍ** 26. JÚNÍ – 3. JÚLÍ
★★ **CORONA BLANCA**
VERÐ FRÁ **64.900 KR.**
Verð á mann m.v 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með 1 svefnherbergi. Verð frá 82.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.



**ALMERIA** 9.–16. ÁGÚST
**ARENA CENTER** ★★★★
VERÐ FRÁ **73.900 KR.**
Verð á mann m.v 2 fullorðna og 2 börn í stúdíó. Verð frá 95.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.



**TENERIFE** 22.–29. ÁGÚST
**TROYA** ★★★★
VERÐ FRÁ **90.900 KR.**
Verð á mann m.v 2 fullorðna og 1 barn í tvíbýli með morgunmat. Verð frá 100.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.




**BENIDORM** 23.–31. ÁGÚST
**BALI** ★★★★
VERÐ FRÁ **73.900 KR.**
Verð á mann m.v 2 fullorðna og 2 börn í tvíbýli með **HÁLFT FÆÐI.** Verð frá 100.400 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.



**KANARÍ** 14.–21. ÁGÚST
**PARQUE CRISTOBAL** ★★★
VERÐ FRÁ **80.900 KR.**
Verð á mann m.v 2 fullorðna og 2 börn í smáhýsi með 2 svefnherbergjum. Verð frá 103.300 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.



**KANARÍ** 28. ÁGÚST – 4. SEPTEMBER
**IFA BUENAVENTURA** ★★★
VERÐ FRÁ **72.900 KR.**
Verð á mann m.v 2 fullorðna og 2 börn í tvíbýli með hálft fæði. Verð frá 83.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.



**MALLORCA** 19.–26. ÁGÚST
**VISTA CLUB** ★★★
VERÐ FRÁ **59.900 KR.**
Verð á mann m.v 2 fullorðna og 2 börn í stúdíó. Verð frá 82.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

**INNIFALIÐ Í VERÐI ER FLUG, GISTING, ÍSLENSK FARARSTJÓRN, FLUGVALLASKATTAR, FERÐATASKA OG HANDFARANGUR.**






**ALMERIA** 16.–23. ÁGÚST

## MEDITERANEO PARK ★★★★

Hotel Mediterraneo Park er líflegt 4ra stjörnu hótel nálægt ströndinni í Roquetas de Mar og í hjarta bæjarins. Á hótelinu er 1.100 fermetra sundlaug með barnalaug og nuddpotti. Þetta hótel er sérlega skemmtilegt fyrir yngri ferðalanga. Hentar vel fyrir fjölskyldur og þá sem vilja allt innifalið.

VERÐ FRÁ **118.900 KR.**

Verð á mann m.v 2 fullorðna og 2 börn í tvíbýli með **ALLT INNIFALIÐ.**
Verð frá 143.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.




NÝ FERÐ



SIGRÍÐUR SARA ÞORSTEINSDÓTTIR
FARARSTJÓRI

**TENERIFE** 20.–27. NÓVEMBER

## LÚXUS VINKONUFERÐ

VERÐ FRÁ **199.900 KR.**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna. Mikið innifalið, nánar í ferðalýsingu.






KRISTÍN TRYGGVA
FARARSTJÓRI

**COSTA BLANCA** 24.–31. ÁGÚST

## KÓSÍ MEÐ KRISTÍNU

VERÐ FRÁ **129.900 KR.**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna. Mikið innifalið, nánar í ferðalýsingu.




NÝ FERÐ



KOLBEINN PÁLSSON
FARARSTJÓRI

**BENIDORM** 14.–21. SEPTEMBER

## HÖFUÐ, HERÐAR, HNÉ OG TÆR

VERÐ FRÁ **154.900 KR.**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna. Mikið innifalið, nánar í ferðalýsingu.

# NÁNAR Á URVALUTSYN.IS

OG HJÁ FERÐARÁÐGJÖFUM Í SÍMA 585 4000

VERÐ ERU BIRT MEÐ FYRIRVARA UM PRENTVILLUR OG STAFABRENGL.

ÚRVAL ÚTSÝN | HLÍÐASMÁRA 19 | 201 KÓPAVOGI | 585 4000 | UU.IS

# Þolinmæði þrautir vinnur allar

**Íslenska kvennalandsliðið í knattspyrnu steig ekki feilspor þegar liðið mætti Slóveníu í undankeppni HM 2019 á Laugardalsvellinum í gærkvöldi. Ísland komst upp fyrir Þýskaland og í toppsæti riðilsins með sigri.**

**FÓTBOLTI** Ísland er komið á topp riðils síns í undankeppni HM 2019 í knattspyrnu kvenna, en liðið tyllti sér á toppinn með 2-0 sigri gegn Slóveníu á Laugardalsvellinum í gærkvöldi. Mörk Íslands komu úr nokkuð óvæntri átt, en það var Glódís Perla Viggósdóttir, miðvörður liðsins, sem skoraði bæði mörkin. Hún hefur nú skorað fimm mörk í 68 landsleikjum, en þetta voru fyrstu mörk hennar í þessari undankeppni.

Ísland lék í fyrsta skipti án fyrirliða síns, Söru Bjarkar Gunnarsdóttur, í mótsleik síðan hún gat ekki leikið með liðinu vegna veikinda þegar liðið mætti Frakklandi haustið 2009 í leik í undankeppni HM 2011. Guðbjörg Gunnarsdóttir tók við stöðu Söru Bjarkar sem fyrirliði liðsins og Selma Sól Magnúsdóttir leysti hana af inni á miðsvæðinu.

Selma Sól var að byrja sinn fyrsta mótsleik fyrir íslenska liðið, en hún kom inn á sem varamaður í fyrri leik liðanna í Slóveníu og hefur þess utan leikið fjóra vináttulandsleiki. Selma spilaði vel inni á miðsvæðinu og kórónaði svo flottan leik sinn með því að leggja upp annað mark Íslands í leiknum. Hornspyrna hennar rataði beint á kollinn á Glódísi Perlu sem stangaði boltann í netið.

Íslenska liðinu gekk illa að skapa sér opin marktækifæri framan af leiknum, en Harpa Þorsteinsdóttir fékk besta færi liðsins í fyrri hálfleik. Skot hennar af stuttu færi eftir góðan undirbúning Ingibjargar Sigurðardóttur hafnaði í fanginu á Zölu Mersnik, hinum 17 ára gamla markverði slóvenska liðsins. Uppspilið gekk ekki nógu smurt hjá leikmönnum íslenska liðsins í fyrri hálfleik og oft og tíðum vantaði vandvirkni í sendingar þegar svæði sköpuðust til þess að spila inn í.

Ísland fékk aftur á móti fjölmörg horn og föst leikatriði í fyrri hálfleik sem liðið náði hins vegar ekki að nýta. Ingibjörgu og Öglu Maríu tókst best upp í því að finna svæði bak við þéttan varnarmúr Slóveníu í fyrri hálfleik, en samherjum þeirra tókst ekki að færa sér fyrirgjafir þeirra í nyt.

Leikmenn íslenska liðsins mættu hins vegar af meiri krafti inn í seinni hálfleikinn og Glódís Perla kom Íslandi yfir eftir um það bil tíu mínútna leik í seinni hálfleik. Hún fékk þá góða fyrirgjöf frá Hallberu Gísladóttur og skoraði af miklu harðfylgi. Það hlaut svo að koma að því að Íslandi næði að nýta eina af þeim fjölmörgu hornspyrnum sem liðið fékk í leiknum, en annað mark liðsins kom eftir eina slíka rúmum tíu mínútum síðar.

Ísland komst upp fyrir Þýskaland með þessum sigri, en íslenska liðið hefur 16 stig í toppsætinu og Þýskaland er í öðru sæti riðilsins með 15 stig. Liðin mætast í toppslag riðilsins á Laugardalsvellinum 1. september næstkomandi. Ísland vann frækinn sigur þegar liðið mætti Þjóðverjum í fyrri leik liðanna í undankeppninni.

Liðið sem verður í efsta sæti riðilsins kemst beint í lokakeppni HM, en þau fjögur með bestan árangur í riðlunum sjö í undankeppninni fara svo í umspil um tvö laus sæti. Ísland hefur aldrei komist í lokakeppni HM í knattspyrnu kvenna, en liðið er í fínni stöðu til þess að brjóta blað í sögu íslenskrar kvennaknattspyrnu. hjorvaro@frettabladid.is



Glódís Perla Viggósdóttir og Gunnhildur Yrsa Jónsdóttir fagna marki þeirrar fyrrnefndu fyrir Ísland þegar liðið lagði Slóveníu að velli í leik liðanna í undankeppni HM 2019 á Laugardalsvellinum í gærkvöldi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON.

### Undankeppni HM 2019

**Ísland 2-0 Slóvenia**
(0-0)

**1-0** Glódís Perla Viggósdóttir '55
**2-0** Glódís Perla Viggósdóttir '68

**Lið Íslands, 4-3-3:** Guðbjörg Gunnarsdóttir (fyrirliði) - Hallbera Gísladóttir, Sif Atladóttir, Glódís P. Viggósdóttir, Ingibjörg Sigurðardóttir – Selma S. Magnúsdóttir, Gunnhildur Y. Jónsdóttir, Rakel Hönnudóttir (Elín M. Jensen '52.) - Agla M. Albertsdóttir (Sigríður L. Garðarsdóttir '65), Harpa Þorsteinsdóttir (Berglind B. Þorvaldsdóttir '83.), Fanndís Friðriksdóttir.

**» Ísland trónir á toppi riðils síns með eins stigs forskot á Þýskaland, en liðin mætast í næstu umferð.**

# Ómögulegt að lesa Messi

**FÓTBOLTI** Hannes Þór Halldórsson hefur glímt við nárameiðsli að undanförnu en lék allan leikinn þegar Ísland gerði 2-2 jafntefli við Gana í vináttulandsleik á fimmtudaginn.

„Það gekk vel að spila gegn Gana í einhverjum 7-8 gráðum svo ég held að það verði ekkert vandamál að lúðra boltanum fram völlinn þegar ég er kominn í 30 gráðurnar hérna,“ sagði Hannes fyrir æfingu íslenska landsliðsins í Kabardinka í gær.

Markvörðurinn segir allar aðstæður í Rússlandi eins og best verður á kosið.

„Þetta er góður völlur og fínar aðstæður. Það fer vel um okkur á hótelinu. Það er ekki yfir neinu að kvarta,“ sagði Hannes. Íslenski hópurinn dvaldi í Annecy á EM í Frakklandi fyrir tveimur árum og segir Hannes að samanburðurinn við þann stað sé ekki sanngjarn.

„Þetta er ósanngjarn samanburður við Frakkland. Hótelið þar var algjör paradís á jörð. Það er ósanngjarnt gagnvart þessum aðstæðum, sem eru mjög góðar, að vera alltaf með Frakkland til samanburðar. En það er ekki hægt að vera með hugann þar endalaust.“

Hannes segir að íslenska liðið muni fara nánar yfir leik þess argentínska á næstu dögum en liðin mætast í Moskvu á laugardaginn kemur.

„Fyrsti fundurinn var um Argentínu en það er svolítið síðan núna. Þessi leikur berst reglulega í tal og við erum byrjaðir að huga að einhverjum áhersluatriðum. En stóru fundirnir eru eftir, þar sem við sökkvum okkur í þá,“ sagði Hannes.

Á laugardaginn þarf Hannes að kljást við snillinginn Lionel Messi. En hvernig undirbýr markvörður sig fyrir slíkt verkefni?

„Við undirbúum okkur ekkert sérstaklega. Þetta snýst um að vera eins skarpur og maður getur mögulega verið. Leikmaður eins og Messi getur tekið upp á hverju sem er. Það er ómögulegt að lesa hann. Hann getur sett hann upp í bæði samskeytin, milli fóta manns, vippað, skotið með hægri og vinstri og með jörðinni. Maður þarf að vera klár í hvað sem er,“ sagði Hannes.

„Ég held að þetta snúist um að fara inn í leikinn með sjálfstraust og trú á að þetta muni ganga upp. Og vera í eins góðu formi og mögulegt er og vona að hann hitti ekki á sinn besta leik. Þá eru möguleikar til staðar.“ – iþs



Hannes Þór Halldórsson ver skot á æfingu íslenska liðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## 4 DAGAR í HM




**Albert Guðmundsson**

**Aldur:**
20
**Staða:**
Framherji
**Félag:**
PSV Eindhoven
**Landsleikir:**
5/3 mörk

# Tryggvi Snær verður með í nýliðavali NBA

**KÖRFUBOLTI** Miðherjinn Tryggvi Snær Hlinason, sem leikur með spænska körfuboltaliðinu Valencia, verður á meðal þátttakenda í nýliðavali NBA-deildarinnar sem fram fer í New York næstu viku.

Áður hafði verið greint frá því að Tryggvi Snær hefði skráð nafn sitt í nýliðavalið, en hins vegar var óvíst hvort hann myndi gefa kost á sér þegar á hólminn væri komið. Tryggvi sagði í samtali við Fréttablaðið í apríl að hann væri að kanna viðbrögðin með því að skrá nafn sitt í nýliðavalið. Líklegra væri að liðin í deildinni færu að skoða hann ef hann gæfi kost á sér.

Fresturinn til þess að draga nafn sitt úr valinu rann út í gær og var nafn hins hávaxna miðherja enn á meðal umsækjenda og því kemur til greina að hann verði valinn í NBA-lið þegar valið verður fimmtudaginn 21. júní.

Fari svo að nafn hans verði kallað upp í valinu yrði hann þriðji Íslendingurinn til þess að vera á mála hjá liði í deildinni. Pétur Guðmundsson var valinn númer 61 árið 1981 af Portland Trail Blazers. Jón Arnór Stefánsson var síðan um skeið leikmaður Dallas Mavericks, en hann samdi við liðið árið 2003 á frjálsum samningi og kom þar af leiðandi ekki í gegnum nýliðavalið. Hann lék hins vegar aldrei leik í deildinni líkt og Pétur gerði. – dfb

# Annar íslenskur leikmaður til Brentford

**FÓTBOLTI** Kolbeinn Birgir Finnsson varð í gær annar Íslendingurinn til þess að ganga til liðs við við enska knattspyrnufélagið Brentford, en hann skrifaði undir tveggja ára samning við félagið í gær. Fyrr í vikunni fékk Brentford markvörðinn Patrik Sigurð Gunnarsson til liðs við sig frá Breiðabliki.

Kolbeinn, sem er 18 ára gamall sóknarmaður, er uppalinn hjá Fylki, en hann kemur til Brentford frá hollenska liðinu Groningen. Kolbeinn hefur þrátt fyrir ungan aldur brotið sér leið inn í U-21 árs landslið Íslands, en hann kom inn á sem varamaður í vináttulandsleik liðsins gegn Írlandi í mars.

Kolbeinn og Patrik bætast í hóp fimm Íslendinga sem hafa verið á mála hjá Brentford. Áður hafa Hermann Hreiðarsson, Ívar Ingimarsson, Gunnar Einarsson, Ólafur Gottskálksson og Ólafur Ingi Skúlason leikið með aðalliði félagsins. – hó



# Fólk

## Heilsa

ÞRIÐJUDAGUR 12. JÚNÍ 2018




Halldór heldur hér á Scarpa skó, sem er síðan árið 1983 en eigandinn kom í Fjallakofann til að láta endursóla skóna sem hann hefur notað allt frá árinu 1983 eða í 35 ár. MYND/EYÞÓR

# Þrjú hundruð þúsund pör á 35 árum

Áttatíu ár eru frá því að Scarpa hóf að framleiða vandaða gönguskó af ástríðu og vandvirkni í Asolo héraði á Ítalíu. Scarpa skórnir fást hjá Fjallakofanum og í yfir 40 verslunum vítt og breitt um landið. Halldór Hreinsson kaupmaður segir að fjöldi seldra Scarpa para sé að nálgast 300 þúsund pör frá því að fyrsta parið kom til landsins fyrir 35 árum. ➔2



Hrönn Harðardóttir leiðir hóp hjólreiðafólks um stíga borgarinnar á þriðjudagskvöldum. ➔6





Hekla er vinsælasti kvenskórinn enn þann dag í dag og hentar jafn vel í göngu um Heiðmörk og upp á Hvannadalshnúk. Ladakh eru vinsælustu herraskórnir en í raun eru allir skórnir vinsælir, segir Halldór.

Framhald af forsíðu

Það er mikið um dýrðir í Fjallakofanum þessa dagana en því er fagnað að 80 ár eru frá því að fyrstu Scarpa skórnir komu á markaðinn og 35 ár eru frá því að fyrsta parið var selt hérlendis. Scarpa hefur alla tíð haldið fast í hefðir stofnendanna en jafnframt sótt fram með nýjungum, innblásnum af áræði og frumkvæði.

„Scarpa var stofnað árið 1938 og hefur verið í eigu Parisotto fjölskyldunnar frá árinu 1956. Í dag starfar Luigi, einn þriggja Parisotto bræðranna sem tóku við 1956 af upprunalegu eigendunum, enn við framleiðsluna. Hann hefur safnað í kringum sig fjölda fagmanna sem viðhalda Scarpa hefðinni,“ segir Halldór Hreinsson, eigandi Fjallakofans, sem er jafnframt umboðsaðili Scarpa á Íslandi. Í tilefni þessara tímamóta er 20-50% afsláttur af Scarpa skóm til 17. júní nk.

## Eitt par á hvern Íslending

„Saga Scarpa á Íslandi hófst árið 1983 þegar fyrstu Scarpa skórnir komu til landsins. Síðan þá er áætlað að hátt í 300 þúsund pör af Scarpa skóm hafi verið seld hér á Íslandi. Það gerir hátt í eitt par á hvern Íslending. Við seljum árlega í kringum 10 þúsund pör og þeir sem kaupa Scarpa gönguskó halda sig við það merki,“ segir Halldór, sem er að vonum ánægður með þennan glæsilega árangur en skórnir eru ekki síst þekktir fyrir að þola vel íslenskt veðurfar. „Hjá Fjallakofanum starfar fólk sem hefur mikla þekkingu, metnað og kunnáttu til að aðstoða fólk við að velja rétta Scarpa skó,“ greinir Halldór frá.

## Ástríða, eldmóður og áhugi

Halldór hefur átt langa samleið með Parisotto fjölskyldunni, eða allt frá því að hann hóf störf í Skátabúðinni árið 1985. Hann hefur fylgt henni nánast óslitið síðan. „Ég er orðinn partur af þessari fjölskyldu og það er einstaklega gaman að vinna með henni. Nú hefur önnur og jafnvel þriðja kynslóðin tekið við keflinu og fjölskyldan er enn full af eldmóði, ástríðu og áhuga á að hanna og koma fram með nýjungar fyrir hönd Scarpa. Vissulega væri auðvelt fyrir fyrirtækið að koma með sömu skóna ár eftir ár en þau eru framsýn og frjó í hugsun. Hjá Scarpa er bæði gott úrval af klassískum skóm sem ekki breytast mikið frá ári til árs og skemmtilegum nýjungum,“ segir Halldór og nefnir í því sambandi Mojito skóna sem eru mörgum að góðu kunnir.

„Þegar Mojito skórnir komu fram á sjónarsviðið slógu þeir strax í gegn og þeir selja sig í raun sjálfir. Mojito skórnir eru liprir og fást í björtum og fallegum litum og eru þannig hannaðir að þeir henta í allt frá vinnu og ferðalögum upp í léttari gönguferðir,“ segir Halldór.

## Góðir skór grunnurinn að góðri göngu

„Fólk nú til dags leitar eftir hollari lífsháttum, vill geta farið lengra, notið þess og haft ánægju af því og þess vegna býður Scarpa upp á létta og lipra gönguskó. Það gerir gönguna eða ferðalagið auðveldara ef skórnir eru góðir. Fólk tekur jafnvel myndir af skónum því þeir dönsuðu með því alla leiðina,“ segir Halldór ánægður.



Scarpa hefur alla tíð haldið fast í hefðir stofnendanna en jafnframt sótt fram með nýjungum, innblásnum af áræði og frumkvæði. MYNDIR/EYÞÓR

Hann bendir á að aldrei hafi verið mikilvægara að fá fólk upp úr sófanum og út í náttúruna en einmitt nú. „Á tímum tækni og nýjunga er gott, bæði andlega og líkamlega, að fara út í náttúruna, stunda göngur og holla útivist. Skórnir eru grunnurinn að því að allt gangi vel. Þeir sem vilja fara langt, svo sem fararstjórar og þeir sem leiða ferðir um fjöll og firnindi, velja gjarnan Scarpa, enda vilja þeir vera í skóm sem taka þá alla leið,“ segir Halldór.

Scarpa hefur ávallt verið þekkt fyrir gæði í hæsta flokki. Mikil þekking býr að baki hönnun á skónum og þeir eru einungis framleiddir úr fyrsta flokks efni. „Skóeigendur finna hvað skiptir máli og þegar fólk hefur kynnst Scarpa þá koma fáir aðrir skór til greina,“ segir Halldór og bætir við að einhver ástæða sé fyrir því að um 10 þúsund pör seljist á ári hverju. „Það er eingöngu vegna þess að skórnir standa fyllilega undir væntingum,“ segir hann.

## Hekla á toppnum

Spurður hvað hafi breyst mest á þeim árum frá því að Halldór fór að höndla með Scarpa skó segir hann að þar beri hæst nútímatæknina. „Fyrir þrjátíu árum varð að handskrifa bréf og senda pantanir með pósti á milli landa, sem oft gat tekið margar vikur. Nútímatæknin gerir okkur kleift að eiga réttu skóna, í réttri stærð og á réttum tíma,“ segir Halldór.

En hvaða gerð af Scarpa skóm hefur verið vinsælust gegnum tíðina? „Það eru skór sem hafa verið óbreyttir í meira en tuttugu ár og ég er sérlega stoltur af þeim. Árið 1995 kom fram arftaki Advance 35530 skónna. Á fundi þar sem nýja týpan var kynnt til sögunnar var kallað eftir hugmyndum að nafni á skóna en öll nöfnin tengjast einhverju fjalli. Ég rétti upp hönd og sagði að nú væri minn tími kominn til að velja og ég vildi að skórnir fengju heitið Hekla. Það var einróma samþykkt og Hekla er vinsælasti kvenskórinn enn þann dag í dag, þótt Mythos Pro sé að nálgast hann í vinsældum og farinn að keppa um athyglina. Hekla eru klassískir skór sem henta jafn vel í göngu um Heiðmörk og upp á Hvannadalshnúk. Ladakh eru vinsælustu herraskórnir en í raun eru allir skórnir vinsælir,“ segir Halldór að lokum.

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: 365 miðlar
Ábyrgðarmaður: Elmar Hallgríms Hallgrímsson
Umsjónarmenn efnis: Elín Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 512 5349 | Ragnheiður Tryggvadóttir, heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | Oddur Freyr Þorsteinsson, oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 | Sigríður Inga Sigurðardóttir, sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | Starri Freyr Jónsson, starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is s. 512 5338
Sölumenn: Atli Bergmann, atli@frettabladid.is, s. 512 5457 | Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429 | Ólafur H. Hákonarson, olafurh@frettabladid.is, s. 512 5433 |

# Hylur rósroðabletti og dregur úr einkennum

## Rosalique andlitskremið er ein öruggasta og árangursríkasta leiðin til að vinna gegn roða í húð á náttúrulegan hátt. Húðin nærist ásamt því að fá góða vörn gegn sólargeislum.

Rósroði er sjúkdómur í húð og líkist oft einna helst bólóttri húð unglinga. Hann kemur yfirleitt ekki fram fyrr en eftir þrítugt og kemur þá fyrst fram sem roði á höku, kinnum, nefi eða enni. Til að byrja með eru einkennin að koma og fara en til lengri tíma verður roðinn varanlegri, háræðar verða sýnilegri, fílapenslar koma fram og nefið getur orðið rautt og bólgið – sérstaklega hjá karlmönnum. Í sumum tilfellum verða augun viðkvæm.

### Ólæknandi sjúkdómur

Rósroða er ekki hægt að lækna en það má draga úr einkennum og jafnvel halda þeim niðri með breyttum lífsstíl og lyfjum. Atriði sem geta ýtt undir einnkenni rósroða eru t.d.

- Veðurfar – mikil sól og hiti eða kuldi, vindur eða raki
- Álag og streita
- Mataræði – sterkur matur og áfengi er vel þekktur orsakavaldur
- Áreynsla – strangar æfingar og áreynsla, sérstaklega þegar heitt er í veðri
- Umhirða húðar – nota „mjúkar“ vörur og aldrei að kreista eða kroppa
- Húðkrem/snyrtivörur – varast t.d. alkóhol, mentól og ilmefni

### Rosalique kraftaverkið

Komið er á markað andlitskrem sem er að virka afar vel á rósroða. Klínískar rannsóknir liggja að baki framleiðslu þess og má hvort sem er nota það sem grunn eða farða á hreina húð. Það hentar einnig karlmönnum mjög vel til að fá jafnari húðlit í andlitið. Það hefur verið prófað af húðlæknum sem gefa því hæstu einkunn þegar kemur að viðkvæmri húð. Rannsóknir sýna að pirruð húð róast fljótt og roðinn minnkar með tímanum þegar kremið er notað reglulega. Lífvirk innihaldsefni gefa góðan raka og bæta ástand húðarinnar en kremið sjálft er grænleitt og þegar það er borið á húðina aðlagast litamólekúlin í því að þínum húðlit og hylja roðann.

### Öflug sólarvörn

Eitt af því sem fólk með rósroða þarf að passa sérlega vel er að verja húðina fyrir sterkum geislum sólarinnar. Það er ekki sama hvaða sólarvörn það er þar sem margar þeirra innihalda fjöldann allan af efnum sem eru ekki sérlega vinveitt húðinni okkar eða líkama almennt. Náttúruleg innihaldsefni eru alltaf besti kostur og uppfyllir Rosalique alla þá kosti sem góð vörn þarf að hafa. Það hefur SPF stuðulinn 25 og verndar húðina bæði fyrir UVA og UVB geislum sem dregur verulega úr líkum á meiri roða og skemmdum á húðinni.




### Rosalique á Íslandi

Þessi þrívirka vara er komin í sölu á Íslandi og eru góðar sögur farnar að heyrast. Hún Gerða Hammer er ein af þeim sem prófuðu Rosalique og hafði hún þetta að segja:

„Ég hef verið með rósroða í sirka fimm ár og mjög slæm síðustu tvö sem hefur oft valdið mikilli vanlíðan. Fyrir nokkru var ég svo heppin að fá að prófa Rosalique kremið og þvílík bylting. Frá degi eitt minnkaði óöryggi og vanlíðan og í sex vikur hef ég fengið að blómstra. Ég hélt að ég væri búin að prófa allt og hætt að trúa því að til væri lausn fyrir mig. Rosalique er lausnin.“

Arndís Baldursdóttir hefur einnig notað Rosalique með góðum árangri:

„Ég er búin að nota farða daglega í fjölda ára og gat aldrei án hans verið vegna rósroðans. Það sem ég upplifði með Rosalique kreminu var frelsi og mér fannst ég ekki vera að loka húðinni eins og með farðanum. Mér hefur líkað þetta mjög vel og svo fór ég utan og notaði Rosalique í 30 gráða hita og sól og það virkaði fínt.“


Arndís Baldursdóttir. Fyrir.


Eftir.


Gerða Hammer. Fyrir.


Eftir.

### Dagleg notkun skilar árangri

Leyndarmálið á bak við Rosalique er að það gefur ekki einungis góðan raka og næringu heldur bæta lífvirku innihaldsefnin ástand húðarinnar. Rannsóknir sýna að dagleg notkun í 4-8 vikur dregur úr roða í húð og þegar kremið er sett á hreina húðina er því nuddað jafnt og rólega þar til það samlagast henni. Notið Rosalique áður en aðrar litaðar snyrtivörur og/eða farði er notaður en einnig má nota þetta krem eitt og sér.

Sölustaðir: Öll helstu apótek og Heilsuhúsið.

Magnesíum Recovery fyrir íþróttafólk



Magnesíum er fjórða mikilvægasta steinefni líkamans og er nauðsynlegt fyrir eðlilega starfsemi hjarta, vöðva og nýrna.

Magnesíum Recovery er sérstaklega þróað með íþróttafólk í huga.

Getur hindrað krampa og flýtt fyrir endurheimti vöðva eftir mikil átök.

Fæst í apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum verslana.




*Magnesíum Recovery er staðalbúnaður í maraþonhlaupum. Hraðvirkt og áhrifaríkt. Hefur slegið á krampa eftir hlaup á aðeins 10 sekúndum! - Sigurjón Sigurbjörnsson, langhlaupari*










# Einfalt og gott

**Þótt veðrið leiki ekki beint við höfuðborgarbúa má alltaf elda góðan mat. Hann þarf ekki að vera flókinn. Hér eru mjög einfaldar uppskriftir sem henta vel hversdags.**

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Fiskur í austurlenskri karrísósu er ótrúlega góður og einfaldur réttur. Hér er uppskrift að slíkum rétti. Einnig er hér laxauppskrift og grænmetislasanja.

## Þorskur í karrí

Góður hversdagsréttur sem einfalt er að gera. Uppskriftin miðast við fjóra.

**200 g hýðishrísgrjón**
**800 g þorskur**
**1 tsk. salt**
**½ púrrulaukur**
**½ paprika**
**2 msk. olía**
**4 dl kókósmjólk**
**2 msk. rautt curry paste**
**Safi og börkur af hálfri límónu**
**½ chili-pipar**
**4 msk. kóríander, smátt saxað**

Sjóðið hrísgrjónin eftir leiðbeiningum á umbúðum. Skerið þorskinn í bita og saltið. Skerið púrrulauk og papriku í bita.
Hitið olíu á djúpri pönnu og steikið lauk og papriku. Bætið curry paste saman við og steikið áfram í 1-2 mínútur. Bætið kókosmjólkinni saman við og látið suðuna koma upp. Leyfið þessu að malla í 10 mínútur. Þá er fiskurinn settur út í sósuna, bætið rifnum berki og safa úr límónu út í. Setjið lok á pönnuna og sjóðið í 5 mínútur. Bragðbætið með salti og pipar. Í lokin er kóríander og chili-pipar dreift yfir.
Berið fiskinn fram með hrísgrjónunum.


Fiskur í karrísósu er í uppáhaldi hjá mörgum. MYND/NORDICPHOTO

## Lax með kókos og límónu

Þetta er einfaldur en mjög góður hversdagsréttur. Uppskriftin er miðuð við fjóra.

**600 g laxaflak**
**1 msk. sesamolía**
**1 tsk. salt**
**½ tsk. pipar**
**50 g ferskt kókos (beint úr hnetunni)**
**Jógúrtsósa**
**2 dl grísk jógúrt**
**1 límóna, aðeins börkurinn sem er rifinn**
**16 ferskir asparsstönglar**
**1 tsk. salt**
**200 g hrísgrjón**
**1 límóna**

Hitið ofninn í 200°C. Sjóðið hrísgrjónin eftir leiðbeiningum á umbúðum.
Blandið jógúrt og límonuberki saman, setjið í kæli.
Takið skelina utan af kókoshnetunni og rifið niður kókosinn með rifjárni.
Skerið laxinn í sneiðar og leggið á bökunarpappír á ofnplötu. Penslið fiskinn með sesamolíu og bragðbætið með salti og pipar.
Setjið rifinn kókos ofan á hverja sneið. Bakið laxinn í um það bil 8 mínútur.
Skerið neðsta hlutann af asparsnum og sjóðið hann í söltu vatni í 3-4 mínútur.
Berið laxinn fram með aspars og jógúrtsósu ásamt nokkrum bátum af límónu.


Lax og aspars fara vel saman.


Grænmetislasanja er hollur og góður réttur.

## Grænmetislasanja

Mjög gott lasanja án kjöts. Uppskriftin miðast við átta manns.

**400 g ferskt spínat**
**300 g grænkál**
**500 g sveppir**
**400 g ricotta (má nota kotasælu)**
**3 dl sýrður rjómi, 35%**
**½ dl mjólk**
**1 lúka ferskt basil**
**1 msk. ferskt timían**
**½ tsk. chili-flögur**
**6 dl rifinn ostur**
**2 dl parmesanostur**
**1 l tómatpastasósa**
**12 lasanjablöð**

Skolið spínatið í köldu vatni og fjarlægið stærstu stilkana. Setjið í sjóðandi vatn örstutta stund. Takið spínatið upp og setjið strax í ískalt vatn. Sjóðið grænkálið í sama vatni og spínatið í 2-3 mínútur. Kælið. Þerrið spínat og grænkál. Skerið gróft niður.
Skerið sveppina niður og steikið á pönnu. Bragðbætið með salti og pipar.
Blandið saman ricotta, sýrðum rjóma, smátt skornu kryddi og chili-flögum í skál. Þynnið blönduna með mjólk og bragðbætið með salti og pipar.
Smyrjið eldfast mót og setjið þunnt lag af pastasósu í botninn. Þar á eftir eru lasanjablöð sett yfir sósuna. Því næst er ricotta-blöndunni dreift yfir, spínati, grænkáli, sveppum og síðan pastasósu. Þá er lasanjablöðum raðað yfir og allt endurtekið. Þetta ætti að vera þrjú lög af lasanjablöðum og fyllingunni. Endið á pastasósu en yfir hana er dreift rifnum osti.
Bakið í 200°C heitum ofni í 40 mínútur.

# Vertu klár fyrir sumarið



Gul
Dartmouth
þurrgalli

Verð frá
44.900 kr.



Vaðskór
fyrir fjöruferðina, árnar
eða ströndina!
Barna 1.990 kr.
Fullorðins 2.390 kr.

## Blautgallar fyrir alla fjölskylduna



3mm herra
11.990 kr.

3mm dömu
11.990 kr.

3mm barna
6.900 kr.



Björgunarvesti,
barna og fullorðins
6.900 kr.



Björgunarvesti,
fyrir kajakræðarann
13.990 kr.



3mm hetta
4.900 kr.



3mm hanskar
4.490 kr.



5mm skór
5.900 kr.



Rumble belgur til að draga
24.900 kr.

# SANDALAR OG GÖNGUSKÓR

*ALLAN DAGINN - ALLA DAGA - ALLTAF*

Þú finnur allar okkar vörur ásamt ítarlegum upplýsingum á www.ggsport.is



### KEEN Venice kvenna

Frá fjöru að fjalli. Frábært grip á breytilegu undirlagi, sandalarnir anda vel en eru jafnframt með lokaða tá sem að verndar tærnar fyrir hnjaski.
Sólinn nær upp fyrir tærnar.
Léttir en áreiðanlegir.

*Stærðir: 35-42*

15.990 kr.



### KEEN Newport herra

Lokuð tá sem að verndar tærnar fyrir hnjaski, sólinn nær upp fyrir tærnar. Gott grip á sóla, hvort sem er á þurru eða blautu undirlagi. Innleggið mótast eftir fætinum og veitir góðan stuðning. Þetta eru sandalar sem að þú getur notað allan daginn, alla daga, í nánast hvaða aðstæðum sem er.

*Stærðir: 40-48*

15.990 kr.



KEEN Oakridge kvenna
lágir og fjölhæfir gönguskór
15.990 kr.



KEEN Oakridge herra
lágir og fjölhæfir gönguskór
15.990 kr.



NÝTT

KEEN Rialto herra
Leður, stillanlegt hælband og lokuð tá
21.990 kr.



KEEN Venice II kvenna
stillanlegt hælband, lokuð tá
15.990 kr.



KEEN Galleo kvenna
gönguskór með góðan stuðning
26.990 kr.



KEEN Galleo herra
gönguskór með góðan stuðning
26.990 kr.



NÝTT

TAKTU ÞENNAN MEÐ Í FRÍIÐ

KEEN Evofit One herra/kvenna
Góður stuðningur, lokuð tá
17.990 kr.



Frábærir KEEN barna sandalar
7.690 kr.

Smiðjuvegur 8, Græn gata
200 Kópvogi, sími: 571 1020
www.ggsport.is

Opið virka daga frá 10.00 til 18.00,
laugard. frá kl. 11.00 til 15.00

GG•sport




„Finndu okkur á Facebook"

# Uppgötva barnið í sér á hjólinu

Hrönn Harðardóttir leiðir hóp hjólreiðafólks um stíga borgarinnar öll þriðjudagskvöld. Hún segir ferðirnar snúast um að njóta og hvetur byrjendur til þess að mæta.

Ragnheiður Tryggvadóttir
heida@frettabladid.is

Hópur fólks hittist öll þriðjudagskvöld undir hatti Fjallahjólaklúbbsins og hjólar saman eftir stígum í borginni og rólegum götum. Hrönn Harðardóttir leiðir hópinn og hefur gert undanfarin tíu ár en þriðjudagsferðirnar hafa verið mun lengur við lýði. „Jafnvel í áratugi,“ segir Hrönn. „Ég tók við fyrir um það bil tíu árum eftir að hafa unnið mætingabikarinn. Árið eftir varð ég aðstoðarfararstjóri og síðan hef ég séð alfarið um þetta. Ég byrjaði aftur að hjóla árið 2008 eftir langt hlé og árið eftir byrjaði ég í Fjallahjólaklúbbnum. Eftir það hef ég ekki getað hætt að hjóla og nú er ég í stjórn Fjallahjólaklúbbsins og komin í ferðanefndina og fleira,“ segir Hrönn.

Þriðjudagsferðirnar eru ætlaðar byrjendum og þeim sem vilja koma sér af stað. Hjólaferðirnar snúast líka heilmikið um félagsskapinn segir Hrönn, stoppað sé á kaffihúsum og í ísbúðum og mikið spjallað.

„Þetta er nefnilega ekki neinn harðjaxlahópur sem hjólar á fullu gasi eins og margir halda kannski. Við erum ekki keppnishópur, við erum meira í því að njóta,“ segir Hrönn.

„Við hittumst alltaf við aðalinnganginn í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn klukkan hálf átta og svo hjólum við einhverja skemmtilega leið, ef einhver nýr mætir sem lítið hefur hjólað sýnum við honum góðar leiðir. Ferðirnar taka frá einum og hálfum klukkutíma upp í þrjá, bara eftir getu og tíma þeirra sem mæta. Þriðja þriðjudag í mánuði höfum við lengri ferð og hjólum þá upp í Heiðmörk eða í Hafnarfjörð. Þriðjudagskvöldferðirnar hefjast í byrjun maí og standa út ágúst. Á veturna taka FHM við með vikulegar ferðir frá Hlemmi á laugardagsmorgnum. Okkur er alveg sama hvernig veðrið er. Við förum bara í ullarpeysuna undir regnjakkann.“

*Geta krakkar mætt með foreldrum sínum?*

„Krakkar eru velkomnir með en reyndar spæna þau oftast fram úr okkur og skilja okkur eftir í rykinu,“ segir Hrönn sposk. „Ætli flestir í hópnum séu ekki á bilinu 35 til 55 ára og svo eru yngri og eldri. Unglingarnir detta gjarnan út þegar þeir fá bílpróf.“

Hrönn segir hjólreiðar frábæra hreyfingu fyrir þá sem treysta sér til dæmis ekki til þess að hlaupa.

„Ég er sjálf með slitgigt og nýbúið að skipta um hnjálið hjá mér. Ég er því ekkert í keppnishjólreiðum en svona rólegar ferðir henta mér mjög vel. Hjólreiðar eru mjög góðar fyrir þá sem eru með gigtarsjúkdóma eða einhvers konar stoðkerfisvanda, betri en hlaup til dæmis. Á ferðalögum er ég alltaf með hjólið með mér á bílnum því ég get ekki setið í langkeyrslu. Ég stoppa því reglulega og hjóla smávegis til þess að liðka mig. En svo er þetta bara svo gaman. Fólk uppgötvar aftur barnið í sér þegar það fer að hjóla.“



Þriðjudagskvöldferðirnar hefjast í byrjun maí og standa út ágúst.



**Ferðirnar snúast ekki bara um hreyfingu heldur líka félagsskapinn og að sögn Hrannar er iðulega stoppað á kaffihúsum og spjallað.**



Lagt er af stað frá Fjölskyldu- og húsdýragarðinum klukkan 19.30 á þriðjudagskvöldum. Ókeypis er í ferðirnar og allir velkomnir. MYND/HRÖNN HARÐARDÓTTIR




Hjólað er á stígum og um rólegar umferðargötur.

Nýjar vörur frá geoSilica
Kísill Íslenskt kísilsteinefni
Renew Fyrir húð, hár og neglur
Recover Fyrir vöðva og taugar
Repair Fyrir bein og liði


Fæst í öllum helstu apótekum, heilsuvöruverslunum, Hagkaupum, Nettó, Fjarðarkaupum og vefverslun geoSilica.
geoSilica ICELAND
Nánari upplýsingar má finna á www.geosilica.is

Nicorette Fruitmint
Mjúkt, bragðbætt nikótínlyfjatyggigúmmí sem auðveldar þér að hætta að reykja


IS/NIC/L/K-2018-06-1
nicorette
Fæst án lyfseðils í næsta apóteki
gerðu eitthvað magnað
**Nicorette Classic/Freshmint/Fruitmint/Whitemint lyfjatyggigúmmí** (innihalda nikótín) eru notuð við tóbaksfíkn hjá einstaklingum eldri en 15 ára. Þau draga úr nikótínþörf og fráhvarfseinkennum og auðvelda reykingafólki að venja sig af tóbaki. Það er tuggið hægt í um 30 mín. og látið liggja í munni þess á milli. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.

## Bílar & Farartæki

bilfang.is
S. 567 2000



**NÝR 4X4 !**
Skoda Octavia Style 4X4 2.0 Diesel (NÝR 2018) Hlaðinn búnaði ! Nokkrir litir í boði ! Okkar verð 4.790 Þús (HEKLA 5.4 mil) Er á staðnum !



**SÍÐASTI BÍLLINN ! 15 SELDIR !**
Nýr Suzuki SX4 S-Cross LUX, Diesel, Sjálfsk. Leður, glerþak,, kostar 5.2 í Suzuki, OKKAR VERÐ aðeins 3.990 þús !

**Bílasalan Bílfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**Seljum í dag !**
**www.bilfang.is**

SUZUKI



SUZUMAR gúmmíbátar. Uppblásnir slöngubátar með álgólfi og mikla burðargetu. Til í stærðum frá 2,9m - 4,2m. Verð frá 255.000.- kr.

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

bilauppbod.is

**ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www. bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**

## Bílar til sölu





**TVEIR TOYOTA HIACE 4X4**
árg. 2010 og 2009, eknir 115 og 122 þús km. Dráttabeisli, Webasto, hiti í sætum, bakkmyndavél. Verð 1580 og 1950 þús + vsk. S. 897 3015 eða jb@isfar.is.

## Bílar óskast

**VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?**
Kaupi bíla 100-200þús
**Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka**

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

## Bátar

MARÁS
TOHATSU
UTANBORÐSMÓTORAR




Léttir | Kraftmiklir
Fyrirferðalitlir | Sparneytnir
Hljóðlátir | 3,5-250 hö

Miðhraun 13 - 210 Garðabær
Sími: 555 6444 - www.maras.is

## Þjónusta

## Pípulagnir

Pípulagningameistari getur bætt við sig verkefnum á viðhaldi og viðgerðum. Uppl. í s. 778 1604.

## Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

## Garðyrkja

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga og klippingar og umhirðu á görðum. Uppl. í s. 616 1569.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Sími 694 7881, Janna.

## Spádómar

Nympha-dora
Tarot-lestur og Kristalkúla með leiðsögn að handan
VISA 562 8211 EURO

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, mynddyrasímar, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

## Keypt & Selt

## Til sölu



**LOK Á HEITA POTTA OG HITAVEITUSKELJAR.**
Stærðir í cm: 200x200, 210x210, 220x220, 235x235, 235x217, 217x174, 8 hyrnd lok. Lokin þola 1000 kg jafnaðarþunga af snjó. Vel einangruð og koma með 10 cm svuntu. Sterkustu lokin á markaðnum. Litir: Brúnt eða Grátt. Opnarar til þess að auðvelda opnun á loki. www.Heitirpottar.is Sími 777 2000 Haffi og 777 2001 Grétar

Barnaheill
Save the Children á Íslandi




586 1414
stora@stora.is · stora.is
facebook.com/storabilasalan
Klettháls 2 · 110 Reykjavík

kaffi á könnunni
opið mán-fös 10-18
lau 12-15

2017 Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri

STÓRA BÍLASALAN
...á verði fyrir þig!

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

## Skólar & Námskeið

### Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## Húsnæði

### Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

## Atvinna

### Atvinna í boði

**- BÍLSTJÓRA VANTAR Á FJÖGURRA ÖXLA TRUKK -**
Silfri ehf óskar eftir bílstjóra á fjögurra öxla trukk.

Uppl. gefur Gunnar í s. 894 9690

**- TRAILER BÍLSTJÓRA VANTAR -**
Silfri ehf óskar eftir trailer bílstjóra

Uppl. gefur Gunnar í s. 894 9690

Garðyrkjufyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir samviskusömu og áreiðanlegu sumarstarfsfólki. Umsókn ásamt ferilskrá sendist á netfangið hreinirgardar@gmail.com



GEFÐU HÆNU
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar


VANTAR ÞIG STARFSFÓLK

Handafl er traust og fagleg starfsmannaveita með margra ára reynslu á markaði þar sem við þjónustum jafnt stór sem smá fyrirtæki.

Við útvegum hæfa starfskrafta í flestar greinar atvinnulífsins

Markmið okkar er að spara viðskiptavinum tíma, fyrirhöfn og fjármuni.

Suðurlandsbraut 6, 108 Rvk. | SÍMI 419 9000 | info@handafl.is | **handafl.is**

HANDAFL STARFSMANNAVEITA

Öflugar viftur
Kíktu á úrvalið


Standvifta frá kr 7.990

Þakblásarar

Tilboð frá kr 29.990

Kraftviftur

Tilboð frá kr 9.990

Viftur í loft
Westinghouse

Tilboð frá kr 19.990

viftur.is
S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, græn gata
íshúsið

## Fasteignir

Eignasala.is
S: 420 6070 • LEIGUMIÐLUN SUÐURNESJA • FASTEIGNASALA
Hafnargata 90, 230 Reykjanesbæ. www.eignasala.is
Júlíus M Steinþórsson Lögg. fasteigna, fyrirtækja og skipasali




### Faxabraut 31b, 230 Keflavík

**Opið hús í dag þriðjudag kl.17:15-17:45**

6 herbergja raðhús miðsvæðis í Keflavík

**Verð kr. 42.000.000.-**

## Atvinna

HårExpo

Humletorvet Carlsberg Byen

### Hárgreiðslufólk óskast til starfa í Köben

Auglýsum eftir hörkuduglegu hárgreiðslufólki til starfa á stofu í hjarta Kaupmannahafnar.

Vinnuvikan er 37 tímar og miklir tekjumöguleikar. Leitum eftir fólki sem vill vinna sjálfstætt og leigja stól strax eða eftir 6 mánaða launað starf. Við aðstoðum viðkomandi við að koma sér fyrir ef með þarf. Getum líka aðstoðað við umsókn um danska kennitölu, stofnun bankareiknings, leit að húsnæði, bókhald og fleira. Dönskukunnátta ekki skilyrði en gerð er krafa um góða enskukunnáttu og sveinspróf.

Stofan er nýleg og stórglæsileg. Tólf stólar, tveir nemar starfa á stofunni annar dönskumælandi en hinn íslenskur. Farið er reglulega á námsskeið í öllum helstu straumum og stefnum. Stofan býður upp á bókanir í gegnum netið og er í eigu Íslendinga.

Allar nánari upplýsingar má fá hjá Elínu í síma +45 52 90 04 58.

HårExpo / Humletorvet 25 / Carlsberg byen
Sími: +45 93 60 79 93 / Email: info@harexpo.dk

## Tilkynningar

### AUGLÝSING UM SKIPULAG **Í GARÐABÆ**

**1. Bæjarstjórn Garðabæjar auglýsir hér með verkefnislýsingu á fyrirhugaðri breytingu Aðalskipulags Garðabæjar 2016-2030 í Vífilsstaðalandi í samræmi við 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.**

Lýsingin gerir ráð fyrir að breytingin felist í að unnið verði með aðalskipulagsbreytinguna sem rammahluta aðalskipulagsins. Breytingin mun ná til Vífilsstaðalands. (Hnoðraholt, Vetrarmýri, Smalaholt, Rjúpnahæð, Vífilsstaðir og Vífilsstaðahraun).

Í verkefnislýsingu kemur fram hvert viðfangsefni, markmið og helstu áherslur aðalskipulagsbreytingarinnar skuli vera. Einnig er gerð grein fyrir tengslum hennar við aðrar áætlanir og við vinningstillögu rammaskipulagssamkeppninnar sem lá fyrir í lok síðasta árs. Gerð er grein fyrir því með með hvaða hætti kynning og samráð skipulagsferlisins skulu vera. Þá eru tilgreindir helstu umhverfisþættir og með hvaða hætti áhrifamat skuli unnið.

Í kjölfar aðalskipulagsbreytingar verða deiliskipulagsáætlanir unnar í áföngum.

**2. Bæjarstjórn Garðabæjar auglýsir hér með tillögu á breytingu á deiliskipulagi Hnoðraholts og Vetrarmýrar vegna fjölnota íþróttahúss.**

Tillagan gerir ráð fyrir íþróttamannvirkjum innan byggingarreita á lóðum sem staðsettar verða nyrst og vestast í Vetrarmýri.

A. Fjölnota íþróttahús með rými fyrir knattspyrnuvöll í fullri stærð auk upphitunaraðstöðu í plani við hann.
B. Tengi- og þjónustubygging sem getur tengt saman þau íþróttamannvirki.
C. Íþróttahús (parkethús) sem rúmar 2 samliggjandi löglega handknattleiksvelli og þ.a.l. 2 körfuboltavelli, ásamt áhorfendasvæðum.
D. Óskilgreint íþróttamannvirki, t.d. sundlaug, skautahöll eða tennishöll.

**Markmið deiliskipulagsbreytingarinnar eru:**

a) Að skapa umgjörð um raunhæfa og framsýna lausn á íþróttasvæði í góðum tengslum við byggð og samgöngur.
b) Að helstu rými Íþróttamannvirkjanna njóti dagsbirtu í eins ríkum mæli og aðstæður leyfa.
c) Að hafa umhverfismál og sjálfbærni að leiðarljósi.
d) Að skapa öruggt og líflegt almenningsumhverfi, m.a. með opnum og lifandi jarðhæðum þar sem því verður við komið.
e) Að móta skjólsæl rými.
f) Að byggja upp öruggt umferðarkerfi þar sem sérstök áhersla er lögð á liðugt flæði gangandi og hjólandi umferðar og tengingar við nærliggjandi svæði.

Deiliskipulagsbreytingartillagan og verkefnislýsing aðalskipulagsbreytingarinnar liggja frammi á bæjarskrifstofum Garðabæjar, Garðatorgi 7, frá 11. júní 2018 til og með 20. ágúst 2018. Þær eru einnig aðgengilegar á heimasíðu Garðabæjar www.gardabaer.is.

**Kynningarfundur verður haldinn í Flataskóla miðvikudaginn 27. júní kl. 17:15. Þar verður deiliskipulagsbreytingin og verkefnislýsingin kynnt ásamt fyrirliggjandi tillögu að fjölnota íþróttahúsi í Vetrarmýri.**

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við deiliskipulagsbreytingartillöguna og koma með ábendingar vegna verkefnislýsingar aðalskipulagsbreytingarinnar. Frestur til þess að skila inn athugasemdum og ábendingum rennur út **mánudaginn 27. ágúst 2018**.

Skila skal athugasemdum og ábendingum á bæjarskrifstofur Garðabæjar eða á **skipulag@gardabaer.is** og skulu þær vera skriflegar og undirritaðar. Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillöguna fyrir tilskilinn frest teljast samþykkir henni.

Arinbjörn Vilhjálmsson
skipulagsstjóri Garðabæjar

GARÐABÆR
GARÐATORGI 7 • SÍMI 525 8500 • GARDABAER.IS

Við gætum verið með næsta starfsmann mánaðarins á skrá

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

capacent

www.capacent.is

# Æft af kappi fyrir stóru stundina

Íslenska karlalandsliðið í knattspyrnu undirbýr sig af kappi þessa dagana fyrir fyrsta leik liðsins í lokakeppni heimsmeistaramótsins sem er gegn Argentínu á laugardaginn kemur. Eyþór Árnason, ljósmyndari Fréttablaðsins, fylgir liðinu hvert fótmál og tók þessar myndir af æfingu íslenska liðsins í Gelendzhik í gær.







Strákarnir tóku sína aðra æfingu í Rússlandi í gær, en liðið kom þangað á laugardaginn. Það var hressandi gola sem kældi þá á vellinum.

»

**Allir leikmenn liðsins tóku þátt í æfingu liðsins í gær, en af mismikilli ákefð.**






FRÁBÆR FJÖLSKYLDUMYND FRÁ FRAMLEIÐENDUM
SHREK
Draumur
CHARMING
KOMIN Í BÍÓ
Tropi
SMÁRABÍÓ
HÁSKÓLABÍÓ
LAUGARÁS BÍÓ
BARA LÚXUS
BORGARBÍÓ
sena



✝

Ástkær móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

**Guðbjörg Erla Haraldsdóttir**
Hólagötu 26, Vestmannaeyjum,

lést í faðmi fjölskyldunnar
á Heilbrigðisstofnun Vestmannaeyja
þriðjudaginn 5. júní.
Hún verður jarðsungin frá Landakirkju Vestmannaeyja,
miðvikudaginn 13. júní kl. 14.00.

**Viðar Einarsson**
**Matthildur Einarsdóttir Ríkharður Zoëga**
**Guðný Einarsdóttir**
**Ágúst Ómar Einarsson**
**Einar Birgir Einarsson Guðrún Snæbjörnsdóttir**
**Halla Einarsdóttir**
**barnabörn og langömmubörn.**



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

**Klara Kristinsdóttir**
frá Reyðarfirði,

lést á hjúkrunarheimilinu Ísafold
í Garðabæ 6. júní sl.
Útför hennar fer fram frá Vídalínskirkju
föstudaginn 15. júní kl. 15.00.

**Vignir Daníel Lúðvíksson**
**María Ómarsdóttir**
**Gústaf Ómarsson Jóhanna Sigríður Esjarsdóttir**
**Lúðvík Þór Vignisson Helga Dröfn Hreinsdóttir**
**Sesselja Ósk Vignisdóttir Vilhjálmur Vilhjálmsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Arnfríður Guðmundsdóttir**

lést fimmtudaginn 31. maí. Útförin
hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar
látnu. Sérstakar þakkir til starfsfólksins á
Skólabraut og á Grund fyrir góða umönnun
og hlýtt viðmót.

**Guðmundur Örn Ingólfsson**
**Sóley Ingólfsdóttir**
**Auður Anna Ingólfsdóttir**
**Anna Auður Ingólfsdóttir**
**Helga Arnfríður Haraldsdóttir**
**og fjölskyldur.**



✝

Móðir okkar, amma og tengdamóðir,

**Anna Ragnheiður Erlendsdóttir**
Klettahrauni 6, Hafnarfirði,

lést mánudaginn 4. júní
á Hrafnistu í Hafnarfirði.
Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju,
fimmtudaginn 14. júní 2018 klukkan 13.

**Steina Borghildur Nielsdóttir Gunnar Nielsson**
**Hafdís Erla Gunnarsdóttir**
**Anna Lilja Dögg Gunnarsdóttir**
**Víglundur Þorsteinsson Svava Theodórsdóttir**
**Lovísa María Erlendsdóttir**



✝

Ástkær dóttir, móðir, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Gyða Sigurðardóttir**

andaðist á heimili sínu
fimmtudaginn 30. maí 2018.
Útförin fer fram frá Dómkirkjunni
föstudaginn 15. júní klukkan 15.00.

**Sigurður Jónsson**
**Kristjana Barðadóttir Björn Óli Hauksson**
**Ragnhildur Barðadóttir Sigurður Ringsted**
**Thor Axel Patriksson Healy**
**Stefán Barði, Marisa, Valter, Máni, Gunnhildur**
**Kristjana Björk og Atli, Arnar Þór, Steinþór, Eyþór, Frosti**

ÞETTA GERÐIST: 12. JÚNÍ 1942

## Anna Frank hóf að halda dagbók



Gyðingastúlkan Anna Frank fékk dagbók í afmælisgjöf þennan dag árið 1942 þegar hún varð þrettán ára. Hún tók hana umsvifalaust í notkun og trúði henni fyrir upplifunum sínum á meðan hún var í felum í Amsterdam, ásamt fjölskyldu sinni, í seinni heimsstyrjöldinni.

Sumarið 1944 var fjölskyldan svikin og flutt í útrýmingarbúðir en sjö mánuðum síðar lést Anna úr flekkusótt, nokkrum dögum á undan systur sinni, Margot Frank. Otto Frank, faðir þeirra, var sá eini úr fjölskyldunni sem sneri aftur til Amsterdam eftir að stríðinu lauk. Þar komst hann að því að dagbók Önnu hafði verið varðveitt og árið 1947 gaf hann hana út, ritskoðaða. Bókin varð ein sú mest lesna í heiminum. Hún kom síðar út óritskoðuð, meðal annars á íslensku.



✝

Elskuleg mamma mín,
systir okkar og frænka,

**Sonja Sjöfn Albertsdóttir**

lést föstudaginn 1. júní
á Hjúkrunarheimilinu Ísafold .
Útför hennar fer fram frá Guðríðarkirkju
14. júní kl. 13.00.

**Ólafur Ísfeld Aðalsteinsson**
**Elísabet Albertsdóttir**
**Sævar Albertsson**
**ömmu-, langömmubörn og fjölskyldur.**



✝

Ástkær faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

**Þorgeir Ólafsson**
frá Kvíum,
Böðvarsgötu 2, Borgarnesi,

lést á Sjúkrahúsi Akraness 30. maí.
Útförin fer fram frá Borgarneskirkju
laugardaginn 16. júní klukkan 14.00.

**Ólafur Þorgeirsson Auður Ásta Þorsteinsdóttir**
**Sigrún Björg Þorgeirsdóttir Birna Gunnarsdóttir**
**Þóra Þorgeirsdóttir Hilmar Sigurðsson**
**Gretar Þorgeirsson Sigrún Arna Hafsteinsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Einara Þyri Einarsdóttir**
Mörkinni 62, áður til heimilis að
Hlíðargerði 26, Reykjavík,

lést á dvalar- og hjúkrunarheimilinu
Grund, föstudaginn 8. júní.

**Eggert Lárusson Guðrún Sigurgeirsdóttir**
**Einar Þór Lárusson Hrönn Kristjánsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

**Sigrún Guðmundsdóttir**

lést föstudaginn 1. júní. Útförin hefur
farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.
Þökkum hlýhug og auðsýnda samúð.

**Hörður Eiríksson**
**Helga Björk Harðardóttir Sigurjón Árnason**
**Eygló Harðardóttir Ríkharður H. Friðriksson**
**Sóldís Harðardóttir Þórbjörn Sigurðsson**
**Sævar Harðarson Laufey Guðmundsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Elskulegur faðir,
tengdafaðir og afi okkar,

**Þorsteinn Þorsteinsson**

lést á Landspítalanum þriðjudaginn
5. júní. Útförin fer fram frá
Lágafellskirkju þann 14. júní klukkan 13.
Blóm og kransar afþakkaðir, en þeim sem
vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélagið.

**Þröstur Þorsteinsson Hrefna Guðmannsdóttir**
**Hólmfríður B. Þorsteinsdóttir Melanie B. Diefenbacher**
**og barnabörn.**



✝

Ástkær eiginmaður minn,
faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Helgi Þormar Svavarsson**
Laugarbökkum,

lést á Heilbrigðisstofnuninni á
Sauðárkróki laugardaginn 9. júní. Útförin
verður auglýst síðar. Blóm og kransar
afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hans er bent á að láta
Heilbrigðisstofnunina á Sauðárkróki njóta þess.

**Edda Stefáns Þórarinsdóttir**
**og fjölskylda.**



✝

Elskulegur bróðir okkar,

**Þormóður Svafarsson**

lést á Landspítalanum 8. júní. Útförin
fer fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**F.h. aðstandenda,**

**Guðrún Svafarsdóttir**
**Guðmundur Svafarsson Ingibjörg Auðunsdóttir**
**Margrét Svafarsdóttir**



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Ólöf Björk Björnsdóttir**
garðyrkjufræðingur,
Drangavöllum 6, Keflavík,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja
25. maí. Útför fer fram frá Keflavíkurkirkju
fimmtudaginn 14. júní kl. 13.00.

**Unnur Sturlaugsdóttir**
**Margrét Sturlaugsdóttir Falur Jóhann Harðarson**
**Davíð Eldur Baldursson Guðbjörg Huld Árnadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Jón Gunnar Júlíusson**

lést á Hrafnistu 7. júní síðastliðinn.
Útför hans fer fram frá Langholtskirkju
miðvikudaginn 13. júní kl. 13.00.
Starfsfólki Hrafnistu í Reykjavík er
þökkuð vinsemd í garð hins látna.

**Hallfríður Jónsdóttir**
**Kristín G. Jónsdóttir Guðmundur B. Kristinsson**
**börn og barnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli
og útfarir má senda á netfangið
**timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is**
eða hringja í síma 512 5407.

# ALLT INNIFALIÐ

## MEÐ ÖLLUM LEGSTEINUM


2041
**149.900 KR.**
~~ÁÐUR: 276.600 KR.~~


2046
**270.220 KR.**
~~ÁÐUR: 408.900 KR.~~


6010
**288.620 KR.**
~~ÁÐUR: 431.900 KR.~~


114-1
**355.820 KR.**
~~ÁÐUR: 515.900 KR.~~


115
**369.420 KR.**
~~ÁÐUR: 532.900 KR.~~


113
**297.420 KR.**
~~ÁÐUR: 442.900 KR.~~


2021
**304.620 KR.**
~~ÁÐUR: 451.900 KR.~~


106
**305.420 KR.**
~~ÁÐUR: 452.900 KR.~~


104
**329.420 KR.**
~~ÁÐUR: 482.900 KR.~~


118
**313.420 KR.**
~~ÁÐUR: 462.900 KR.~~


129-3
**385.420 KR.**
~~ÁÐUR: 552.900 KR.~~

## ÖLL OKKAR VERÐ MIÐAST VIÐ FULLBÚINN STEIN MEÐ UPPSETNINGU*

## ÞARF AÐ ENDURNÝJA LETRIÐ Á STEININUM?

GRANÍTHÖLLIN TEKUR AÐ SÉR AÐ HREINSA OG ENDURMÁLA LETUR Á LEGSTEINUM. EINNIG TÖKUM VIÐ AÐ OKKUR AÐ RÉTTA AF LEGSTEINA SEM ERU FARNIR AÐ HALLA.




*Frí uppsetning miðast við uppsetningu á höfuðborgarsvæðinu.
Með fyrirvara um prentvillur og uppseldar vörur.

MÖRKIN 4
108 REYKJAVÍK

**Graníthöllin**
Legsteinar

SÍMI 555 3888
GRANITHOLLIN.IS

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Þriðjudagur

Snýst í suðaustanátt með rigningu eða súld í dag, en úrkomulítið eystra. Áfram milt veður.




## Miðvikudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 7° | 5° | 7° |
| →2 | ↗6 | ←1 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 7° | 10° | 2° |
| ↘4 | ↘3 | ↑4 |

## Fimmtudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 9° | 2° | 2° |
| ↘6 | ↙8 | ↘6 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 3° | 13° | 6° |
| ↘5 | ↓4 | ↙7 |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | | | | 6 | 1 | 5 | | |
| | | 1 | | 2 | 4 | | | 3 |
| | 6 | | | | | | 8 | |
| | | 6 | 4 | | | | | |
| 4 | 7 | 2 | | | 5 | | | 9 |
| | 8 | | 9 | 1 | | 6 | 4 | |
| | | 9 | | | | 7 | | |
| 8 | 3 | | 7 | | | | | |
| | 4 | | | | 3 | 8 | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 4 | 9 | | 7 | | 6 | | |
| | | | 6 | | | | 3 | 1 |
| | | 6 | | | | 7 | | 8 |
| | | 3 | | 9 | | | | 7 |
| | 5 | | | | 7 | 1 | | 9 |
| | | | | 5 | 8 | | | 4 |
| | | 2 | | | | 8 | | |
| 8 | | | 5 | 2 | | | | |
| 9 | 1 | | | | 3 | | | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | | 5 | | | 9 | | 7 | |
| | 8 | 3 | | | 4 | | | 5 |
| | | | | | 8 | 2 | | |
| | | | 2 | 4 | | | | |
| 1 | | | | | | 5 | 9 | |
| | 4 | 7 | | | | 8 | | |
| | | | 3 | | | 7 | 2 | |
| | | | | | 1 | 3 | | |
| | | | 8 | | | | | 9 |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. spik
5. fóstra
6. í röð
8. lyf
10. hvort
11. samtök
12. útungun
13. jurt
15. málmur
17. hótel

**LÓÐRÉTT**
1. helmingafélag
2. skref
3. gætinn
4. lofa
7. afæta
9. svikult
12. drykkur
14. stig
16. tveir eins




**LÁRÉTT:** **1.** skvap, **5.** ala, **6.** rs, **8.** morfín, **10.** ef, **11.** así, **12.** klak, **13.** gras, **15.** nikkel, **17.** mótel. **LÓÐRÉTT:** **1.** sameign, **2.** klof, **3.** var, **4.** prísa, **7.** snikill, **9.** falskt, **12.** kakó, **14.** rim, **16.** ee.

## Skák Gunnar Björnsson

Snorri Þór Sigurðsson (1.964) átti leik gegn Kristjáni Erni Elíassyni (1.835) á Íslandsmótinu í skák.

**Hvítur á leik**

**69. d8+! 1-0.** 69.… Kxd8 er svarað með 70. Kb6 og hvíta peðið rennur upp. Smá pása er í íslensku skáklífi eftir fjörugt Íslandsmót. Allmargir halda í skákvíking í sumar.



**www.skak.is:** Nýjustu skákfréttir.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 5 | 3 | 1 | 9 | 6 | 2 | 4 | 7 |
| 6 | 1 | 7 | 2 | 4 | 3 | 5 | 8 | 9 |
| 9 | 2 | 4 | 5 | 7 | 8 | 3 | 1 | 6 |
| 5 | 3 | 8 | 6 | 1 | 9 | 7 | 2 | 4 |
| 4 | 6 | 1 | 7 | 2 | 5 | 8 | 9 | 3 |
| 7 | 9 | 2 | 8 | 3 | 4 | 1 | 6 | 5 |
| 1 | 7 | 6 | 9 | 5 | 2 | 4 | 3 | 8 |
| 2 | 4 | 9 | 3 | 8 | 7 | 6 | 5 | 1 |
| 3 | 8 | 5 | 4 | 6 | 1 | 9 | 7 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 8 | 5 | 1 | 2 | 3 | 6 | 7 | 4 |
| 1 | 2 | 7 | 4 | 6 | 9 | 5 | 8 | 3 |
| 3 | 4 | 6 | 5 | 7 | 8 | 9 | 2 | 1 |
| 5 | 9 | 3 | 7 | 1 | 4 | 8 | 6 | 2 |
| 2 | 6 | 8 | 3 | 9 | 5 | 4 | 1 | 7 |
| 7 | 1 | 4 | 2 | 8 | 6 | 3 | 9 | 5 |
| 8 | 3 | 1 | 6 | 4 | 2 | 7 | 5 | 9 |
| 4 | 7 | 9 | 8 | 5 | 1 | 2 | 3 | 6 |
| 6 | 5 | 2 | 9 | 3 | 7 | 1 | 4 | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 6 | 5 | 8 | 2 | 7 | 4 | 1 | 3 |
| 8 | 1 | 3 | 5 | 9 | 4 | 6 | 7 | 2 |
| 2 | 7 | 4 | 1 | 6 | 3 | 5 | 8 | 9 |
| 7 | 2 | 6 | 4 | 1 | 9 | 8 | 3 | 5 |
| 1 | 3 | 8 | 6 | 5 | 2 | 7 | 9 | 4 |
| 4 | 5 | 9 | 3 | 7 | 8 | 1 | 2 | 6 |
| 6 | 9 | 1 | 7 | 3 | 5 | 2 | 4 | 8 |
| 3 | 8 | 7 | 2 | 4 | 6 | 9 | 5 | 1 |
| 5 | 4 | 2 | 9 | 8 | 1 | 3 | 6 | 7 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman










# Hvað? Hvenær? Hvar? Þriðjudagur

hvar@frettabladid.is

## 12. JÚNÍ 2018

### Tónlist

**Hvað?** Luiza og Pedro á Kex
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Kex hostel, Skúlagötu
Á Jazzkvöldi Kex hostels í kvöld, þriðjudaginn 12. júní, kemur fram brasilíska dúóið Luiza & Pedro. Þau munu flytja tónlist af fyrstu plötu sinni „Versos do Capitão“ en hún inniheldur frumsamdar tónsmíðar undir áhrifum djass og suðuramerískrar tónlistar. Yrkisefni laganna er meðal annars ástin, kveðjustundir og sátt. Með þeim leika þau Alexandra Kjeld á kontrabassa og Kristofer Rodriguez Svonuson á trommur. Tónlistin á Kex hosteli hefst kl. 20.30 og er aðgangur ókeypis. Kex hostel er á Skúlagötu 28.

**Hvað?** Tónlistarflutningur í Akranesvita
**Hvenær?** 13.00
**Hvar?** Akranesviti
Nemendur Tónlistarskóla Akraness sjá um tónlistarflutning í Akranesvitanum.

**Hvað?** Íslenskir strengir frumflytja tónverk á Hvolsvelli
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Félagsheimilið Hvoll
Íslenskir strengir er hljómsveit sem spilar tónverk fyrir hinn magnaða strengjahljóm! Í hljómsveitinni eru fiðlur, víólur, selló og kontrabassar og með hljómsveitinni syngja einsöng þær Sigríður Aðalsteinsdóttir og Jóhanna Ósk Valsdóttir. Að þessu sinni frumflytur hljómsveitin Svítu fyrir strengi eftir Svetlönu Veschagina, sem er rússneskt tónskáld búsett á Íslandi. Tónleikarnir verða í félagsheimilinu Hvoli í dag, þriðjudaginn 12. júní, kl. 17.00 og leikur hljómsveitin einnig verk eftir Sigfús Einarsson, Hafdísi Bjarnadóttir, Kristine Kier og fleiri norræn tónskáld. Tónleikarnir eru í samstarfi við fiðlunámskeiðið Fiðlufjör 2018 á Hvolsvelli sem ætlað er ungum fiðlunemendum.

### Viðburðir

**Hvað?** Milonga Tangófélagsins
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Sólon Bistro, Bankastræti
Kynningartími í argentínskum tangó fyrir byrjendur kl. 20-21, leiðbeinendur eru Þorvarður og Anna Kristín, engin danskunnátta nauðsynleg og ekki þarf að mæta með dansfélaga. Aðgangseyrir kr. 500. Milongan er frá 21-23. Dj er Laura Valentino. Aðgangur kr. 1.000 en frítt fyrir 30 ára og yngri.

**Hvað?** Dostojevskí á Holtinu
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Hótel Holt, Bergstaðastræti



Nemendur Tónlistarskóla Akraness leika í Akranesvita. MORGUNBLAÐIÐ/ERNIR

Gleðskapur á Hótel Holti milli klukkan 17 og 19 í dag, þriðjudaginn 12. júní, til að fagna nýútkominni þýðingu Gunnars Þorra Péturssonar og Ingibjargar Haraldsdóttur á Hinum smánuðu og svívirtu eftir rússneska skáldjöfurinn Fjodor Dostojevskí. Dagur Kári leikur undir borðum. Gunnar Þorri les upp úr bókinni sem seld verður á vildarverði. Léttar veitingar í boði. Kokteilar og sjampanskí með slavneskri slagsíðu á kostakjörum. Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir í koníaksstofu Holtsins.




**Dostojevskí verður í hávegum hafður á Holtinu í dag.**

**Hvað?** Haltu kjafti og horfðu // Shut up and watch // Döff-kvöld
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Hafnarhúsið
Listrænir táknmálsnotendur leiða gesti um heima íslenska táknmálsins með ljóðaflutningi og táknmálssöng. Áhorfendur upplifa galdurinn í þögninni og magnað samspil tákna og tóna. Viðburðurinn hentar öllum, óháð því hvort fólk skilur táknmál eða ekki. Stjórnandi viðburðarins er Ástbjörg Rut Jónsdóttir, sviðslistakona og táknmálstúlkur. Viðburðurinn fer fram á íslensku táknmáli og íslensku.

**Hvað?** Undirbúningur fyrir Secret Solstice og pyndingadaginn
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Íslandsdeild Amnesty International, Þingholtsstræti
Næsti mánuður verður viðburðaríkur hjá ungliðahreyfingu Amnesty. Nú þarf að skipuleggja og undirbúa aðgerðir annars vegar á Secret Solstice, þar sem við erum með bás, og hins vegar aðgerð þann 26. júní (alþjóðlegur dagur til stuðnings fórnarlömbum pyndinga). Við verðum á Secret Solstice í fyrsta skipti nú í ár en aðgerðir á pyndingadeginum hefur orðið að hefð í ungliðahreyfingunni. Því hvetjum við bæði gamla og nýja ungliða til að koma og aðstoða okkur við að gera sumarið frábært.

**Hvað?** Street View (Reassembled) // Hringborð
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Hafnarhúsið
Hringborðsumræður undir stjórn Katrínar Oddsdóttur mannréttindalögfræðings. Viðburðurinn fer fram á ensku. Réttur til heimilis eða húsaskjóls hefur verið skilgreindur í ýmsum mannréttindasáttmálum þó ljóst sé að víða um heim nýtur fólk þessa réttar ekki. Í tilefni af þema listahátíðar, HEIMA, verður boðið upp á samtal þar sem listamenn spjalla við fræðafólk um hvert sé inntak þess að eiga sér heimili og hafa rétt til slíks skjóls.

### Sýningar

**Hvað?** Street View (Reassembled) á Listahátíð í Reykjavík
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Norræna húsið
Listaverk finnska listamannsins Anssi Pulkkinen samanstendur af rústum heimila sem hafa verið flutt-ar frá Sýrlandi sjóleiðina til Evrópu. Efniviðurinn var keyptur af fyrri eigendum og fluttur burt með fullu samþykki þeirra. Um er að ræða steypt veggjabrot, s.s. stiga og hluta gólfs en ekki er mögulegt að átta sig á uppruna, nákvæmri staðsetningu eða sögu hússins út frá þessum brotum. Úr steypubrotunum skapar Pulkkinen innsetningu á vörubílspalli sem hefur yfirbragð hjólhýsis eða húsbíls. Húsarústir eru margbrotin táknmynd fyrir missi heimilis. Þær vísa til heimilisleysis í víðu mannlegu samhengi en tala á sama tíma á áþreifanlegan hátt inn í týnda sögu raunverulegrar fjölskyldu.







©2018 Home Box Office, Inc. All rights reserved. HBO® and all related programs are the property of Home Box Office, Inc.

**SUCCESSION**
KL. 21:05
Þegar fjölmiðlamógúllinn Logan Roy ákveður að fara að slaka á og minnka við sig fer all verulega að hrikta í stoðum ættarveldisins. Ferskir og stórgóðir þættir úr smiðju HBO.

**Þrælgott Þriðjudagskvöld**
**Fáðu þér áskrift á stod2.is**

**TIMELESS**
KL. 20:20
Frábærir og öðruvísi spennuþættir um þríeyki sem ferðast aftur í tímann til þess að koma í veg fyrir þekkta glæpi sögunnar.





**SIX**
KL. 22:05
Önnur sería þessara hörkuspennandi þátta sem byggðir eru á raunverulegum verkefnum sérsveitarinnar SEAL Team six sem er þekktust fyrir að hafa uppi á hryðjuverkaleiðtoganum Osama bin Laden.





**WYATT CENAC´S PROBLEM AREAS**
KL. 22:50
Áhugaverður og ögrandi þáttur úr smiðju HBO í umsjón grínistans Wyatt Cenac sem á að baki langan feril sem handritshöfundur og ráðgjafi fyrir þætti eins og The Daily Show.






**BERNARD AND DORIS**
KL. 22:00
Áhrifamikil og sannsöguleg mynd um tóbakserfingjann Doris Duke og samband hennar við samkynhneigða einkaþjóninn Bernard.





**THE AMERICANS**
KL. 21:35
Skemmtilegir þættir um rússnesku njósnarana Phillip og Elizabeth sem sigla undir fölsku flaggi í Bandaríkjunum og njósna fyrir KGB á dögum kalda stríðsins.






Allt þetta og meira til á aðeins 9.990 kr.
stod2.is


# DAGSKRÁ

# Þriðjudagur

## STÖÐ 2

**07.00** Simpson-fjölskyldan
**07.25** Strákarnir
**07.50** The Middle
**08.10** Mike & Molly
**08.30** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Doctors
**10.15** Friends
**10.40** Landnemarnir
**11.20** Hið blómlega bú 3
**11.50** Grantchester
**12.35** Nágrannar
**13.00** The X-Factor UK
**13.45** The X-Factor UK
**14.55** The X-Factor UK
**15.40** The X-Factor UK
**16.55** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** Ellen
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Ísland í dag
**19.10** Sportpakkinn Íþróttafréttamenn fara yfir það helsta úr heimi íþróttanna.
**19.20** Fréttayfirlit og veður
**19.25** Last Week Tonight with John Oliver
**19.55** Great News Önnur syrpa þessara gamanþátta sem fjalla um mæðgurnar Carol og Katie en það reynir á samband þeirra þegar móðirin Carol fær reynslustarf á sama fjölmiðli og dóttirin Carol vinnur á og það reynir aldeilis á þolrifin hjá henni því móðirin er uppátækjasöm og er oftar en ekki hrókur alls fagnaðar. Þættirnir eru úr smiðju Tinu Fey og Robert Carlock sem gerðu einnig 30 Rock og Unbreakable Kimmy Schmidt.
**20.20** Timeless
**21.05** Succession
**22.00** Six Önnur syrpa þessarra hörkuspennandi þátta sem byggðir eru á raunverulegum verkefnum sérsveitarinnar SEAL Team six sem er þekktust fyrir að hafa uppi á hryðjuverkaleiðtoganum Osama bin Laden. Í hverjum þætti fær sérsveitin flókin og erfið mál til að leysa úr og sannar það ítrekað að þegar er um líf eða dauða að tefla eru þeir fremstir í sínu fagi. Handritshöfundur þáttanna, William Broyles Jr. (Apollo 13), fékk dygga aðstoð frá fyrrverandi sérsveitarhermanninum David Broyle sem gætir þess þó að upplýsa ekki allra viðkvæmustu trúnaðargögnin þrátt fyrir ómetanlegt innlegg hans í handritsgerðina.
**22.45** Wyatt Cenac's Problem Areas
**23.15** The Detail
**00.45** High Maintenance
**01.10** The Sandhamn Murders
**01.55** The Sandhamn Murders
**02.40** The Sandhamn Murders
**03.25** Ten Days in the Valley
**04.10** Ten Days in the Valley
**04.55** The Secret
**05.40** The Secret

## STÖÐ 2 SPORT

**08.00** Golden State Warriors - Cleveland Cavaliers
**09.55** Ísland - Slóvenía
**11.35** KR - FH
**13.15** Pepsi-mörkin
**14.35** Þróttur - Víkingur Ó.
**16.15** Season Highlights
**17.10** Golden State Warriors - Cleveland Cavaliers
**19.10** HK - Þór
**21.15** Fyrir Ísland
**21.55** UFC Unleashed
**22.40** UFC 225: Whittaker vs Romero 2

## STÖÐ 3

**19.10** Man Seeking Woman
**19.35** Last Man on Earth
**20.00** Seinfeld
**20.25** Friends
**20.50** iZombie
**21.35** The Americans
**22.20** Supernatural
**23.05** The Newsroom
**01.05** Man Seeking Woman
**01.30** Last Man on Earth
**01.55** Seinfeld
**02.20** Friends
**02.45** Tónlist

## STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**07.47** Doddi litli og Eyrnastór
**08.00** Áfram Diego, áfram!
**08.24** Svampur Sveins
**08.49** Lalli
**08.55** Rasmus Klumpur
**09.00** Strumparnir
**09.25** Hvellur keppnisbíll
**09.37** Ævintýraferðin
**09.49** Gulla og grænjaxlarnir
**10.00** Stóri og Litli
**10.13** Grettir
**10.27** K3
**10.38** Mæja býfluga
**10.50** Tindur
**11.00** Dóra könnuður
**11.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**11.47** Doddi litli og Eyrnastór
**12.00** Áfram Diego, áfram!
**12.24** Svampur Sveins
**12.49** Lalli
**12.55** Rasmus Klumpur
**13.00** Strumparnir
**13.25** Hvellur keppnisbíll
**13.37** Ævintýraferðin
**13.49** Gulla og grænjaxlarnir
**14.00** Stóri og Litli
**14.13** Grettir
**14.27** K3
**14.38** Mæja býfluga
**14.50** Tindur
**15.00** Dóra könnuður
**15.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**15.47** Doddi litli og Eyrnastór
**16.00** Áfram Diego, áfram!
**16.24** Svampur Sveins
**16.49** Lalli
**16.55** Rasmus Klumpur
**17.00** Strumparnir
**17.25** Hvellur keppnisbíll
**17.37** Ævintýraferðin
**17.49** Gulla og grænjaxlarnir
**18.00** Stóri og Litli
**18.13** Grettir
**18.27** K3
**18.38** Mæja býfluga
**18.50** Tindur
**19.00** Lína Langsokkur

**Mörgæsirnar frá Madagaskar kl. 07.24, 11.24 og 15.24**



## GOLFSTÖÐIN

**08.00** Fed Ex ST. Jude Classic
**11.00** PGA Highlights
**11.55** Fed Ex ST. Jude Classic
**14.55** Fed Ex ST. Jude Classic
**19.55** Golfing World
**20.45** ShopRite LPGA Classic
**22.45** PGA Special: This is Mackenzie Tour
**23.10** Golfing World

## STÖÐ 2 BÍÓ

**10.30** Friday Night Lights
**12.25** Temple Grandin
**14.15** The Pursuit of Happyness
**16.10** Friday Night Lights
**18.10** Temple Grandin
**20.00** The Pursuit of Happyness Dramatísk og sannsöguleg kvikmynd frá 2006 um einstæðan föður sem þráir heitast af öllu að tryggja syni sínum öruggt líf. Hann starfar sem sölumaður en hefur átt erfitt uppdráttar og sér fram á ansi erfiða tíma ef stóra tækifærið kemur ekki fyrr en síðar.
**22.00** Bernard og Doris
**23.45** When the Bough Breaks Spennutryllir frá 2016. Eftir að hafa árangurslaust reynt að eignast saman barn ákveða þau John og Laura að ráða staðgöngumóður. Það á ekki eftir að ganga áfallalaust því unga konan sem þau John og Laura ráða í staðgöngumóðurhlutverkið reynist ekki öll þar sem hún er séð. Fyrir það fyrsta kemur í ljós að hún ætlar ásamt unnusta sínum að nýta tækifærið og kúga fé út úr hjónunum, en þegar hún verður í ofanálag hrifin af John breytir hún áætlun sinni í þá veru að losna við Lauru fyrir fullt og allt.
**01.30** Child 44
**03.45** Bernard og Doris

## RÚV

**16.45** Knattspyrnulist
**17.40** Menningin - samantekt
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01** Ungviði í dýraríkinu
**18.50** Vísindahorn Ævars
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Kastljós
**19.50** Menningin
**20.00** Golfið
**20.30** Hreint mataræði: Hinn ómengaði sannleikur
**21.25** Ditte og Louise
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veður
**22.20** Skylduverk
**23.20** Grafin leyndarmál
**00.10** Mótorsport
**00.40** Kastljós
**00.55** Menningin
**01.00** Dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

**08.00** Dr. Phil
**08.40** The Tonight Show
**09.20** The Late Late Show
**10.00** Síminn + Spotify
**12.00** Everybody Loves Raymond
**12.25** King of Queens
**12.50** How I Met Your Mother
**13.10** Dr. Phil
**13.50** The Good Place
**14.15** Million Dollar Listing
**15.00** American Housewife
**15.25** Kevin (Probably) Saves the World
**16.15** Everybody Loves Raymond
**16.40** King of Queens
**17.05** How I Met Your Mother
**17.30** Dr. Phil
**18.15** The Tonight Show
**19.00** The Late Late Show
**19.45** Odd Mom Out
**20.10** Royal Pains
**21.00** For the People
**21.50** The Orville
**22.35** Scream Queens
**23.25** The Tonight Show
**00.45** CSI Miami
**01.30** Fargo
**02.15** The Resident
**03.05** Bull
**03.50** Incorporated
**04.35** Síminn + Spotify

## ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 96,3 FM Suðurland | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,9 Lindin |
| FM 89,5 Retro | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 99,4 Útvarp Saga | |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 95,7 FM957 | FM 97,7 X-ið | FM 100,5 K100 | |

# RAM PALLBÍLADAGAR
# 12. - 13. JÚNÍ

## TIL SÝNIS RAM 3500 PALLBÍLAR ÓBREYTTIR OG MEÐ 40" BREYTINGU.

**VERÐ FRÁ KR.
5.960.000 ÁN VSK.
7.390.400 MEÐ VSK.**



RAM



**OPIÐ TIL KL 21:00
BÁÐA DAGA.
EIGUM BÍLA TIL
AFGREIÐSLU STRAX.**

## HÖRKUTÓL SEM ENDIST

**SÝNUM EINNIG 7 MANNA
DODGE DURANGO GT
LÚXUSJEPPA.**



**VERÐ FRÁ KR. 9.290.000**

DODGE

ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ

ÍSLENSK - BANDARÍSKA EHF UMBOÐSAÐILI DODGE OG RAM TRUCKS Á ÍSLANDI • ÞVERHOLT 6
270 MOSFELLSBÆR • SÍMI: 534 4433 • WWW.RAMISLAND.IS • WWW.DODGE.IS • WWW.ISBAND.IS
LOKAÐ Á LAUGARDÖGUM Í SUMAR FRÁ 16. JÚNÍ TIL OG MEÐ 5. ÁGÚST

# Fókusinn nú á konur í raftónlist

Raftónlistarhátíðin Extreme Chill fer fram í níunda sinn þetta árið í Reykjavík, nánar tiltekið í september. Hátíðin er í stærri kantinum og verður fókusað á konur í þetta sinn. Nokkur stór nöfn úr raftónlist spila og halda fyrirlestra.

Þennan september fer Extreme Chill hátíðin fram og er þetta í níunda sinn sem hátíðin er haldin og verður það dagana 6.-9. september. Í ár verður fókusinn á konur í raftónlist og listum, og verða því nokkrar færustu konurnar á sviði raftónlistar bókaðar á hátíðina bæði til að spila og flytja fyrirlestra.

„Það er svo mikið af flottum konum núna sem eru að gera alveg geggjaða hluti í senunni, bæði hérna heima og erlendis. Hugmyndin er að reyna að jafna kynjahlutföllin – ef þú skoðar dagskrána á hátíðum í dag þá er ekkert mikið verið að spá í þessu, það er langmestur meirihluti karlar. Jafna þarf kynjahlutfall á öllum sviðum listarinnar að mínu mati þannig að fyllsta jafnræðis sé gætt,“ segir Pan Thorarensen, einn umsjónarmanna hátíðarinnar.

Opnunarkvöld hátíðarinnar fer fram í Kaldalóni í Hörpu og þar verða einungis konur að sjá um raftónana og nefnist það kvöld Konur á sveimi, enda hefur sveimkennd og rafræn tónlist einkennt hátíðina allt frá byrjun. Kvöldið er styrkt af Ýli Tónlistarsjóði.

Extreme Chill er nú partur af nýju verkefni sem kallast Upnode Network. Um er að ræða norrænt samstarf á milli allra helstu raftónlistarhátíða Norðurlanda. Upnode Network hlaut nýverið styrk til fimm ára frá Nordic Culture Point.

„Þetta eru átta tónlistarhátíðir á Norðurlöndunum – Extreme Chill er eina hátíðin frá Íslandi. Við erum að hittast í hverjum mánuði að „breinstorma“ og með panela og alls konar. Þarna eru rosalegar pælingar varðandi framtíðina og hvernig hátíðirnar eiga að vera. Við erum líka að senda listamenn á milli landa – við sendum íslenska raftónlistarmenn út og fáum hingað listamenn frá hinum Norðurlöndunum.“

Pan segir hátíðina í ár vera í stærri kantinum en hún verður haldin í Hörpu á fimmtudegi, svo færa þau sig yfir í Gamla bíó á föstudag, laugardagurinn er á Húrra og svo verður hátíðin kláruð í Fríkirkjunni. Fyrir utan þetta verða eftirpartí með plötusnúðum á fleiri stöðum sem kynntir verða betur þegar nær dregur.

Nöfn sem hafa verið tilkynnt á hátíðina eru: Jan Jelinek, Banco De Gaia, Bára Gísladóttir, Astrid Sonne, Ragnhild May, Marsen Jules, Hafdís Bjarnadóttir, Dj flugvél og Geimskip, Sillus o.fl.

Miðar eru komnir í sölu á midi.is

stefanthor@frettabladid.is



Pan Thorarensen, einn stjórnenda hátíðarinnar, segir það vera hátíðinni mikilvægt að jafna kynjahlutföllin á dagskránni. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

**HUGMYNDIN ER AÐ REYNA AÐ JAFNA KYNJAHLUTFÖLLIN – EF ÞÚ SKOÐAR DAGSKRÁNA Á HÁTÍÐUM Í DAG ÞÁ ER EKKERT MIKIÐ VERIÐ AÐ SPÁ Í ÞESSU, ÞAÐ ER LANGMESTUR MEIRIHLUTI KARLAR. JAFNA ÞARF KYNJAHLUTFALL Á ÖLLUM SVIÐUM LISTARINNAR AÐ MÍNU MATI ÞANNIG AÐ FYLLSTA JAFNRÆÐIS SÉ GÆTT.**



Dj flugvél og geimskip er ein þeirra sem koma fram á hátíðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



brimborg
Öruggur staður til að vera á
Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000
Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050
Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16
Ford
ford.is

TÓNLEIKUR KYNNIR



BACK IN BLACK & WHITE TOUR

# POSTMODERN JUKEBOX

ELDBORG · 9. NÓVEMBER

MIÐASALA HEFST FÖSTUDAGINN 15. JÚNÍ Á

**HARPA.IS, TIX.IS OG Í SÍMA 528 50 50**

WWW.PMJTOUR.COM



**Rúnar Alex** Þarna vantar bara herslumuninn. Skakkur hnútur og það er eitthvað sem gengur ekki upp.

**Hólmar Örn** Fallegur hnútur þó hann sé í minni kantinum.

**Sverrir Ingi** Er hann með rembihnút um hálsinn? Svona á ekki að sjást á stundu sem þessari.

**Kári** Stílhreinn og klassískur. Hér er allt í góðu.

**Rúrik** Rúrik er með allt á tæru.

**Gylfi Þór** Sá besti er að sjálfsögðu með allt upp á 10.

**Alfreð** Þarna er Alfreð ekki að vanda sig sem er óvanalegt.

**Ólafur Ingi** Smekkmaður hann Ólafur. Góður hnútur og ber hann glæsilega.

**Ari Freyr** Hann hefði mátt herða betur á. Vantar aðeins upp á.

**Jóhann Berg** Þetta er algjört klúður. Skakkur og alltof mjór. Eins og hann hafi verið bundinn í myrkri.

**Ragnar** Svona er Raggi. Smá villtur. Það virkar.

**Aron Einar** Þessi er á mörkunum en sleppur fyrir horn.

**Birkir** Bindishnúturinn er ekki alveg í takt við myndarlegheit Birkis.

**Arnór Ingvi** Hann er með öðruvísi hnút en aðrir og ber hann glæsilega.

**Albert** Unglingurinn í hópnum á margt ólært. Það sést.

# Hnýttu ekki lausa enda

Íslenska landsliðið í fótbolta fór prúðbúið til Gelendzhik í Rússlandi þar sem liðið æfir af kappi fyrir fyrsta leik á Heimsmeistaramótinu. Eitthvað hafa þó bindishnútar liðsmanna verið erfiður ljár í þúfu því síðasta myndin sem tekin var á Keflavíkurflugvelli ber tískuviti strákanna okkar ekki vel söguna. Tískutímaritið Glamour kíkti á hnúta drengjanna.

## Einfaldur bindishnútur

Þessi er ekki flókinn. Bara undir, yfir, til hægri og í gegn! Úr verður finasti hnútur. Þetta eiga allir karlmenn að kunna.



## Hálfur Windsor



Þessi er smá flókinn en samt svo einfaldur. Það þarf aðeins að æfa sig áður en mætt er á samkomu því það er fátt asnalegra en að mæta með illa bundinn hálfan Windsor.

## Kóngurinn

Windsor-hnúturinn er glæsilegur hnútur sem aðeins þeir færustu geta bundið. Og tvöfaldur Windsor. Þá eru allir vegir færir. Þá er hægt að standa upp og klappa. Bravó.



**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson *elmar@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Valdimar Birgisson *valdimar@frettabladid.is* Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli@*frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@frettabladid.is*. **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* og Ragnheiður Tryggvadóttir *heida@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir gudruninga@*frettabladid.is*



KFC®

IT'S FINGER LICKIN' GOOD



# TEXAS RANCH

GÆDDU ÞÉR Á GOÐSAGNAKENNDUM BORGARA




Original kjúklingabringa með BBQ sósu, Ranch sósu, osti, káli og kartöfluskífu.

**1.199 kr.**

Texas Ranch borgari, þrír Hot Wings, franskar, gos og Hraun.

**1.899 kr.**

Pipar\TBWA \ SÍA

FRÉTTABLAÐIÐ
Við segjum fréttir Smáauglýsingasíminn og skiptiborð 512 5800
Ritstjórn 512 5801 ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild 512 5401 auglysingar@frettabladid.is Prentun Ísafoldarprentsmiðja
ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.
Póstdreifing Dreifing dreifing@postdreifing.is
Ef blaðið berst ekki 800 1177

BAKÞANKAR

Hauks Arnar Birgissonar



# Hvað er með þetta veður?

Helginni varði ég á fótboltamóti fyrir 7. flokk drengja á Akranesi. Sonur minn var að keppa og var mótið frábær skemmtun í alla staði. Eini ókosturinn við helgina var veðrið en við því gátu Skagamenn svo sem lítið gert. Það rigndi stóran hluta helgarinnar og þegar ekki rigndi, þá leit út fyrir að það væri að fara að rigna. Þetta var mikið rætt hjá okkur foreldrunum á tjaldsvæðinu. Af öllum þeim skemmtilegu samtölum sem ég átti þá snerust líklega 70% um veðrið. Það verður ekki af okkur tekið – Íslendingum finnst einstaklega gaman að tjá sig um veðrið.

Þegar öllu er á botninn hvolft, hugsa ég að við eyðum full miklum tíma í að tala um veðrið. Líklegast hefur þetta alltaf verið svona og ég leiði stundum hugann að því hvað við hefðum getað gert í staðinn. Allur þessi tími sem fór í að tala um veðrið, þegar við gátum verið að gera eitthvað uppbyggilegt! Hugsið ykkur allar Íslendingasögurnar sem ekki voru ritaðar vegna þess að Sæmundur fróði og Snorri Sturluson voru að spjalla um lægðir yfir landinu við hina pabbana í götunni. Öll listaverkin, tónverkin og vísindauppgötvanirnar sem aldrei komust á blað út af því að við vorum að búa til 40 mismunandi orð yfir snjókomu. Það er svakalegt að hugsa til þess, en við erum líklegast mörgum kynslóðum á eftir þeim stað sem við gætum verið á, í þroska og menningarlegu uppeldi – út af veðrinu.

Umræður um veðrið eru ekki mjög uppbyggilegar en mikið svakalega geta þær verið skemmtilegar. Frasar eins og „hann var búinn að spá því að hann myndi rigna“, „hann átti að snúa sér með kvöldinu“ og „hann er að rífa þetta af sér“ eru kannski eftir allt saman sannkallaðar perlur íslenskrar tungu og menningar.







